

Sveitarstjórnir og hugsjónir



Óli Björn Kárason

Fylgt úr hlaði

Hvernig til tekst við stjórn sveitarfélaga skiptir miklu. Því hafa borgar-
búar fengið að kynnast á undanförunum árum. Þjónustan hefur versnað,
borgin er óhrein og skítug, en skattar og álögur í hæstu hæðum. Svo eru
önnur sveitarfélög sem eru til fyrirmyndar. Þótt oft sé því haldið fram
að pólitík skipti litlu eða engu í sveitarstjórnnum sýnir reynslan annað.

Ritlingur þessi inniheldur nokkrar greinar um sveitarstjórnir frá
árinum 2014-2017.

Efnisyfirlit

Af hverju er ekki rætt um útsvarið?	3
Margnota viljayfirlýsingar og kosningavíxlar	6
75 milljarða kosningaloforð	9
Reykjavíkurvekfeni Sjálfstæðisflokksins	11
Döpur sýn í fjármálum borgarinnar	13
Borgarstjóri aðhalds og útsjónarsemi....	17
Draumur borgarstjóra - martröð borgarbúa	19
Holur, kurl og borgarstjóri með betlistaf	22
Nöturlegar lesning og kaldar staðreyndir	25
Birtir yfir Hafnarfirði - þoka yfir Reykjavík	28
Pirringur borgarfulltrúa yfir góðum fréttum	31
Heimatilbúinn skortur nærir húsnaðisvandann	37
Hugmyndafræðileg barátta í sveitarstjórnnum	40
Brotinn pottur í Reykjavík	43
Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að nýta tækifærin?	46

Af hverju er ekki rætt um útsvarið?

Fátt kæmi launafólki betur en lækkun útsvars og þá ekki síst þeim sem eru með lægstu launin. Mikill meirihluti skattgreiðenda þarf að greiða hámarksútsvar og verður að setta sig við lægri ráðstöfunartekjur en íbúar sveitarfélaga þar sem meiri hófsemdar er gætt. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga er merkilegt hvernig frambjóðendur til borgar- og sveitarstjórna koma sér fimlega hjá því að ræða stefnu sína er varðar álögur á íbúanna.

Samkvæmt lögum getur útsvar orðið hæst 14,52% en lægst 12,44% af tekjum. Í Reykjavík er útsvarsprósentan í hámarki líkt og í 57 öðrum sveitarfélögum. Aðeins tvö sveitarfélög lofa íbúum sínum að njóta lágmarksútsvars – Skorradalshreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur. Níu sveitarfélög eru undir veginu meðaltali (12,44%) og fimm sveitarfélög eru fyrir ofan meðaltalið en undir hámarkinu, eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu (bls. 4).

Vikulaun gerð upptæk

Það skiptir venjulegan launamann verulegu máli hvar hann ákveður að halda heimili sitt. Sá sem kemur sér fyrir í sveitarfélagi þar sem lágmarksútsvar er innheimt greiðir sem jafngildir vikulaunum lægra en félagi hans sem er búsettur í Reykjavík, svo dæmi sé tekið.


Það er hægt að orða þetta með öðrum hætti:

Skattgreiðendur í Reykjavík og öðrum háskattasveitarfélögum eru viku lengur að vinna fyrir útsvarinu en þeir sem lægst greiða.

Það er með öllu óskiljanlegt að forystumenn verkalyðshreyfingarinnar skuli sjaldan beina sjónum sínum að útsvari og annarri skatt- og gjaldheimtu sveitarfélaga. Enn merkilegra er hvað íbúar háskattasveitarfélaga virðast kæra sig kollótta, jafnvel þó álögur hækki og skuldir sveitarfélagsins einnig. Jafnvel óánægja með veitta þjónustu kveikja illa upp efasemdir um hátt útsvar. Þó virðist

Landsmenn greiða meira í útsvar en tekjuskatt

m.v. árið 2012 - tölur í milljóðum króna



Heimild: Fjármálaráðuneytið

Byrðar íbúanna eru misþungar Sveitarfélög sem leggja á hámarksútsvar

	Útsvars- prósenta		Útsvars- prósenta
Akrahreppur	14,52%	Mýrdalshreppur	14,52%
Akraneskaupstaður	14,52%	Norðurþing	14,52%
Akureyrarkaupstaður	14,52%	Rangárþing eystra	14,52%
Ámshreppur	14,52%	Rangárþing ytra	14,52%
Bláskógabyggð	14,52%	Reykhlóahreppur	14,52%
Blönduósbaer	14,52%	Reykjanesbaer	14,52%
Bolungarvíkurkaupstaður	14,52%	Reykjavíkurborg	14,52%
Borgabyggð	14,52%	Sandgerðisbaer	14,52%
Borgarfjarðarhreppur	14,52%	Seyðisfjarðarkaupstaður	14,52%
Breiðdalshreppur	14,52%	Skaltárhreppur	14,52%
Dalabyggð	14,52%	Skagabyggð	14,52%
Dalvíkurbyggð	14,52%	Skútustaðahreppur	14,52%
Djúpavogshreppur	14,52%	Snæfellsbaer	14,52%
Eyjafjarðarsveit	14,52%	Strandabyggð	14,52%
Fjarðabyggð	14,52%	Stykkishólmisbaer	14,52%
Filjósdalshérað	14,52%	Súðavíkurhreppur	14,52%
Flóahreppur	14,52%	Svalbarðshreppur	14,52%
Grundarfjarðarbaer	14,52%	Svalbarðsstrandarhr.	14,52%
Hafnarfjarðarkaupstaður	14,52%	Sveitarfélagið Árborg	14,52%
Helgafellssveit	14,52%	Sveitarfélagið Garður	14,52%
Hrunamannahreppur	14,52%	Sveitarfélagið Hornafjörður	14,52%
Húnavatnshreppur	14,52%	Sveitarfélagið Skagafjörður	14,52%
Húnaþing Vestra	14,52%	Sveitarfélagið Skagaströnd	14,52%
Hveragerðisbaer	14,52%	Sveitarfélagið Vogar	14,52%
Höngarsveit	14,52%	Sveitarfélagið Ölfus	14,52%
Ísafjarðarbaer	14,52%	Tálknafjarðarhreppur	14,52%
Kaldírananeshreppur	14,52%	Vesturbyggð	14,52%
Langanesbyggð	14,52%	Vopnafjarðarhreppur	14,52%
Mosfellsbaer	14,52%	Þingeyjarsveit	14,52%

vera samhengi á milli góðrar þjónustu og hófsemdar í álagningu opinberra gjalda. Þannig leiddi könnun Capacent Gallup á viðhorfi íbúa sextán sveitarfélaga í ljós að Reykvíkingar eru almennt ekki ánægðir. Höfuðborgin er í þriðja neðsta sæti þegar spurt er um þjónustuna í heild. Íbúar Garðabæjar og Seltjarnarness eru hins vegar ánægðir.

Vegur þyngra en tekjuskattur

Fyrir launamanninn hefur útsvarið mun meiri áhrif á ráðstöfunartekjur en tekjuskattur ríkissjóðs. Launamaður sem er með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun greiðir helmingi meira í útsvar en í tekjuskatt.

Í heild greiða Íslendingar mun meira í útsvar en tekjuskatt. Samkvæmt svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi, námu útsvarstekjur sveitarfélaganna um 134 milljörðum króna árið 2012. Sama ár innheimti

Sveitarstjórnir og hugsjónir

Sveitarfélög sem gæta hófs

Sveitarfélög sem leggja á lægsta löglega útsvarið

	Útsvars- prósenta		Útsvars- prósenta
Skorradalshreppur	12,44%	Grímsnes- og Grafingshr.	12,44%

Sveitarfélög undir vegnu meðaltali

	Útsvars- prósenta		Útsvars- prósenta
Ásahreppur	12,48%	Tjörneshreppur	14,09%
Kjósarhreppur	13,73%	Grindavíkurbær	13,99%
Fliótsdalshreppur	13,20%	Vestmannaeyjabær	13,98%
Seltjarnarneskaupstaður	13,70%	Hvalfjarðarsveit	13,64%
Garðabær	13,70%		

Sveitarfélög undir hámarki

	Útsvars- prósenta		Útsvars- prósenta
Eyja- og Miklaholtshreppur	14,48%	Skeiða- og Grúpverjahreppur	14,48%
Kópavogsbær	14,48%	Grýtubakkahreppur	14,48%
Fjallabyggð	14,48%		

ríkissjóður tæplega 101 milljarð í tekjuskatt. Útsvar var þriðjungur hærra í heild en tekjuskattur.

Ef tekið er mið af umræðu um opinber gjöld hefði mátt ætla að tekjuskattur ríkisins væri margfaldur á við útsvar sveitarfélaganna. Þessu er þveröfugt farið og undirstrikar nauðsyn þess að auka aðhald að sveitarfélögunum þegar kemur á álagningu gjalda.

Það dugar ekki að lagfæra tekjuskattskerfi ríkisins og draga úr jaðarskattheimtu þegar launamanninum er síðan refsað af sveitarfélaginu. Það verður að koma böndum á innheimtugleði sveitarstjórna, fyrst útsvarið og svo fasteignagjöldin.

Viðhorf til fyrirmyndar

Miðað við skoðanakannanir geta Reykvíkingar ekki gert sér vonir um að útsvar verði lækkað á komandi kjörtímabili. Þeir verða að reikna með óbreyttri stefnu borgarstjórnar – útsvar skal vera í hámarki. Eina vonin liggur í því að Alþingi hækki ekki hámarksprósenta.

Viðhorf meirihluta borgarstjórnar er annað en bæjarstjórnar Vestmannaeyja sem samþykkti í nóvember á liðnu ári að lækka útsvar:

„Það er skoðun stjórnenda Vestmannaeyjabæjar að nú þegar rekstur Vestmannaeyjabæjar þolir að lægra hlutfall sé tekið af

launum bæjarbúa þá eigi þeir að njóta þess með auknum ráðstöfunartekjum frekar en að rekstur sveitarfélagsins sé þaninn út. Fólk er enda sjálft best til þess fallið að meta hvernig það ver sínum eigin fjármunum.“

Sjónarmið meirihluta bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum er skýrt og til fyrirmyndar. Kjósendur í öðrum sveitarfélögum þurfa einnig skýra kosti þegar þeir ganga að kjörborði í lok mánaðarins.

Í 58 sveitarfélögum eru tækifæri fyrir stjórnámálamenn sem vilja draga hramma hins opinbera úr vösum einstaklinga og auka ráðstöfunarfé þeirra. Það er ekki vondur málstaður að berjast fyrir því að bæta hag almennra launamanna með lækkun opinberra gjalda.

En til að ná árangri verður að tala hátt og skýrt.

7. maí 2014

Margnota viljayfirlýsingar og kosningavíxlar

Freistingin er mikil. Áhættan er hverfandi en vonin um ávinning er töluverð. Kannski er ekki undarlegt að stjórnámálamenn falli fyrir freistingunni ekki síst þegar þeir standa höllum fæti í samkeppninni um hylli kjósenda.

Loforð eru gefin, kosningavíxlar slegnir, viljayfirlýsingar undirritaðar, þingsályktanir lagðar fram, frumvörp kynnt. Í samkeppninni um atkvæði freistast stjórnámálamenn og einkum ráðherrar, að lofa því sem þeir geta ekki staðið við, gefa út víxla sem aðrir eiga að greiða, skrifa undir viljayfirlýsingar sem eru minna virði en pappírinn sem þær eru skrifaðar á, leggja fram tillögur sem hafa lítið gildi og kynna frumvörp sem þeir vita að aldrei ná fram að ganga.

Sjónleikir stjórnámálanna vekja athygli þar sem fjölmiðlar taka fullan þátt í leiksýningunum.

Engin bendir á nýju fötin

Þegar ráðherrar, bæjarstjórar eða leiðtogar borgarstjórnar setjast niður og undirrita viljayfirlýsingu þar sem öllu fögru er lofað, eru fjölmiðlar ómissandi. Fjölmiðlungar taka myndir og myndskaið og birta

hugguleg viðtöl við helstu leikendur. Engum kemur til hugar að fara í hlutverk barnsins sem bendir á að keisarinn er ekki í neinum fötum.

Við hátíðleg tækifæri þar sem skrifað er undir viljayfirlýsingar spyrja fjölmiðlar ekki gagnrýnina spurninga:

- * Á hvaða grunni er þessi viljayfirlýsing undirrituð?
- * Hefur verið gengið frá fjármögnun og þá hvernig?
- * Hvernig er tryggt að yfirlýsingin nái fram að ganga?
- * Geta þeir sem undirrita ábyrgst það sem skrifað er undir?

Það er stórbrotið þegar stjórnámálemenn geta margnýtt viljayfirlýsingu. Fyrst í kosningum til Alþingis, síðan í kosningum til borgarstjórnar og loks til að koma höggi á pólitískan andstæðing sem fékk yfirlýsinguna í arf frá forvera sínum. Slíkt leikrit fer nú fram í höfuðborginni þar sem atkvæðanetin eru lögð fyrir eldri borgara og fjölskyldur þeirra í aðdraganda borgarstjórnarkosninga. Hagsmunaaðilar spila undir.

Óhræddir við lofordin

Stjórnámálemenn lofordanna eru óhræddir. Þeir vita að þegar þeir skrifa undir viljayfirlýsingu um fjármögnun nýs Landspítala verða þeir ekki spurðir að því hvernig ríkissjóður eigi að standa undir kostnaðinum. Þeir eru öryggir - eftir að hafa setið á ráðherrastól í fjögur ár - verða þeir ekki krafðir svara við því hvernig þeim kemur til hugar að leggja fram frumvarp skömmu fyrir kosningar, þar sem námsmönnum er lofað að fella niður milljarða af námslánum og breyta þeim í styrki. Frumvarp sem hefði kostað 4,7 milljarðar króna á ári. Þeir hafa fullvissu fyrir því að leiktjöldin standa óhöggud, þeir hafa reynsluna og kunna til verka við uppfærsluna.

Í maí 2012 ákvað ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna að boða til blaðamannafundar til að kynna tugmilljarða fjárfestingaáætlun. Því var lofað að á kosningarárinu 2013 yrðu 16,4 milljörðum króna varið til fjárfestinga. Umbúðirnar vantaði ekki: Grænn fjárfestingasjóður, grænar fjárfestingar, grænkun fyrirtækja, græn skref, vistvæn innkaup, efling vaxandi atvinnugreina, bygging innviða friðlýstra svæða, verkefnasjóður skapandi greina og sóknaráætlun landshluta. Hálfur ári síðar var enn á ný boðað til blaðamannafundar, enda stutt í prófkjör (flokksval Samfylkingarinnar). Þá höfðu að vísu milljarðar horfið frá fyrri áætlun en nú skyldi engu að síður setja yfir tíu milljarða í góðu málefni.

Fjárfestingaráætlun vinstri stjórnarinnar gaf tóninn fyrir fjárlög á kosningarári. Barnabætur skyldu hækkaðar, fæðingarorlof lengt

og hækkað, fangelsi byggt fyrir milljarða, hús íslenskra fræða reist, hundruð milljóna sett í náttúruminjasafn í Perlunni og millifærslu auknar, (fátt finnst vinstri mönnum skemmtilegra en að fást við flóknar millifærslur). Engu skiptir þó tugmilljarða halli væri á ríkissjóði.

Boðið var til uppskeruhátíðar á kosningaári. Reikninginn átti að greiða með víxlum, en öðrum var ætlað að finna leiðir til að fjármagna enda ríkissjóður í þrotum.

Spilað á vonir og væntingar

Auðvitað þarf ekkert að vera athugavert við að aðilar sem vilja vinna saman undirriti viljayfirlýsingu. Það er heldur lítið við það að athuga að ráðherra eða forvígismaður sveitarfélag skrifti undir viljayfirlýsingu, sé viðkomandi í góðri trú og hafi gert ráðstafanir til að hægt sé að standa við hana.

Það er hins vegar ekki mikill drengskapur að skrifa undir viljayfirlýsingu án þess að fyrir henni sé nokkur innistæða. Þegar sá sem heldur um pennann veit að hverfandi líkur eru á því að hægt verði að standa við það sem er lofað er, getur æran ekki verið mikils virði. Skiptir engu hvort um er að ræða nýtt hjúkrunarheimili, aukna þjónustu borgarana, milljarða í styrki til námsmanna, þróunarsetur eða annað. Það er verið að spilað á vonir og væntingar í lágkúrulegri viðleitni til blekkja kjósendur til fylgislags á kjördegi.

En á meðan fjölmiðlar halda áfram að taka þátt í leiksýningum sem settar eru upp og hagsmunaaðilar láta spila með sig nokkrum dögum eða vikum fyrir kosningar, verða sýningarnar endurtekna. Viljayfirlýsingar verða undirritaðar, kosningavíxlar lagðir fram og innistæðulaus loforð gefin út.

Að loknum kosningum standa kjósendur eftir með sárt ennið enda allt á þeirra kostnað.

14. maí 2014

75 milljarða kosningaloforð

Ef enginn veitir viðnám má ganga að því sem vísu að hið opinbera gangi á lagið og seilist dýpra í vasa landsmanna. Þetta á jafnt við um ríki sem sveitarfélög. Á laugardaginn gefst kjósendum tækifæri til að spyrna við fótum þegar gengið er að kjörborði í sveitarstjórnarkosningum.

Rekstur, þjónusta og umsvif sveitarfélaga hafa aukist verulega á undanförunum áratugum og hvernig til tekst í þeim efnum hefur ein áhrif á lífskjör almennings. Í sumum sveitarfélögum hefur tekist að samþætta hófsama skattheimtu við öfluga þjónustu. Í öðrum hafa álögur verið eins háar og lög leyfa án þess að íbúarnir fái þjónustu sem þeir eru ánægðir með.

Hugmyndafræði frjálsræðis ræður ríkjum í fyrrnefndu sveitarfélögunum en hugmyndir stjórnlyndis hafa náð undirtökunum í þeim síðari.

Í kjörklefanum velja kjósendur á milli þessara hugmynda.

Átök hugmynda

Það er misskilningur að halda því fram að hugmyndafræði skipti engu í sveitarstjórnnum. Reynslan sýnir annað. Auðvitað sameinast sveitarstjórnarmenn í að vinna að sameiginlegum málum með sama hætti og alþingismenn taka oft en ekki höndum saman við að hrinta góðum málum í framkvæmd. En svo skilja leiðir.

Á meðan einn frambjóðandi berst fyrir lægri álögum gefur hinn loforð um aukin útgjöld. Frambjóðandi sem leggur áherslu á valfrelsi borgaranna getur aldrei átt samleið með þeim sem vill steypa alla í sama mótið. Stjórnmalamaður sem talar fyrir aðhaldssemi í rekstri kemur ekki fram og gefur út kosningavíxla og tugmilljarða loforð. Slíkt gerir aðeins sá sem annað hvort ætlar ekki að efna gefin fyrirheit eða stefnir að því að láta kjósendur borga brúsann að fullu. Þannig stjórnmalamenn finnast í Reykjavík.

75 milljarða kosningaloforð

Undir stjórn Jóns Gnarr og Dags B. Eggertssonar hefur myndast ófremdar ástand í íbúðamálum í höfuðborginni, enda voru þeir uppteknir af því að byggja fuglahús í stað þess að tryggja nægilegt framboð af íbúðalóðum á hagstæðu verði.

Nú þegar búið er að rífa fuglahúsin telur Samfylkingin nauðsynlegt að hefjast loks handa við að byggja íbúðir fyrir fólk. Dagur B. Eggertssonar, sem Jón Gnarr ætlar að láta afhenda borgarstjórnalyklana 16. júní næstkomandi (kosningar eru greinilega formsatriði), lofar borgarbúum að byggðar verði allt að þrjú þúsund leiguíbúðir á komandi kjörtímabili. Mér er til efst að nokkur frambjóðandi til borgarstjórnar hafi gefið stærra loforð.

Loforð Samfylkingarinnar kostar ekki undir 75 þúsund milljónum króna miðað við að hver íbúð kosti að meðaltali 25 milljónir króna í byggingu. Þetta jafngildir öllum fasteignagjöldum Reykjavíkurborgar í

liðlega sex ár eða útsvarstekjum í eitt ár og sex mánuði betur.

Það er hreint magnað að nú sé svo komið í íslenskum stjórnámálum að frambjóðendur geti kinnroðalaust gefið loforð sem jafngildir 2,5 milljónum króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Með einum eða öðrum hætti verður stórum hluta kostnaðarins velt yfir á borgarbúa í formi hærri gjalda, - ef efna á loforðið.

Dýrt að búa í Reykjavík

Á laugardaginn taka borgarþátttakendur afstöðu til þess hvort þeir trúá milljarða kosningaloforði og um leið hvort þeir eru reiðubúnir til að gangast í ábyrgð fyrir því. En þeir ákveða einnig hvort þeir vilja halda áfram á skattheimtubraut Samfylkingar og Bjartrar framtíðar eða hvort þeir vilja léttari byrðar og hærri ráðstöfunartekjur.

Fyrir nokkru benti ég á þá einföldu sannindi að venjulegur launamaður í Reykjavík er viku lengur að vinna fyrir útsvarinu en hann væri ef innheimt væri lágmarksútsvar. Það er hægt að setja þetta í annað samhengi, líkt og Vefþjóðviljinn hefur gert:

Reykvískt heimili þar sem mánaðartekjurnar eru alls 700 þúsund krónur mun að óbreyttu greiða 4,9 milljónir króna í útsvar á næsta kjörtímabili. Á sama tíma mun fjölskylda, með sömu laun en búsett í sveitarfélagi sem leggur á lægsta útsvarið, greiða tæplega 698 þúsund krónum lægri fjárhæð.

Með öðrum orðum:

Fjölskyldan í Reykjavík þarf að horfa á bak heilum mánaðarlaunum á næstu fjórum árum.

Kjósendur í Reykjavík hljóta að velja því fyrir sér hvort hag þeirra sé betur borgið með því að ráðist verði byggingu opinberra leiguíbúða eða með hærri ráðstöfunartekjum samfara minni skattheimtu. Líkt og í öðrum sveitarfélögum verða borgarþátttakendur að velja þá hugmyndafræði sem þeir vilja að fylgt verði við stjórn sveitarfélagsins á komandi árum.

28. maí 2014

Reykjavíkुरverkefni Sjálfstæðisflokksins

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna á laugardaginn leiddu í ljós það sem flestir hafa vitað lengi: Ætli Sjálfstæðisflokkurinn á ná sínum fyrri

styrk á landvísu verða flokksmenn að taka til hendinni í höfuðborginni og endurheimta pólitíska stöðu sína sem stærsti stjórnámálflokkurinn.

Sjálfstæðisflokkurinn bauð fram í 34 sveitarfélögum en í einu þeirra (Vesturbyggð) var listi flokksins sjálfkjörinn. Fyrir utan Reykjavík voru kosningaúrslitin sjálfstæðismönnum yfirleitt hagstæð og sumstaðar stórglæsileg. Í 17 sveitarfélögum jókst fylgið, mest í Grindavík (22%-stig), í Vestmannaeyjum (17,6%-stig), á Akranesi (16,1%-stig) og á Akureyri (12,5%-stig). Í 12 sveitarfélögum bætti Sjálfstæðisflokkurinn við sig 5%-stigum eða meira.

Í pólitík

Í Vestmannaeyjum vann Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu Elliða Vignissonar bæjarstjóra, ótrúlegan sigur. Yfir 73% stuðningur við stjórnámálflokk í frjálsum kosningum er fáheyrður árangur sem seint verður endurtekinn.

Elliði er í pólitík, hefur verið óhræddur við að segja sína skoðun og oft lagt til atlögu við pólitískan rétttrúnað. Enginn Eyjamaður fer í grafgötur með fyrir hvað Elliði stendur – ekki frekar en aðrir landsmenn.

Sama á við um íbúa Garðabæjar og Seltjarnarness. Þeir vita eftir áratuga stjórn sjálfstæðismanna fyrir hvað bæjarfulltrúar flokksins standa; hófsamar álögur og góða þjónustu. Mosfellingar þekkja vel hvernig mikil uppbygging þar sem íbúum hefur fjölgað um 43% á 12 árum hefur verið styrkt farsællega af tveimur bæjarstjórum Sjálfstæðisflokksins.

Í Árborg styrktu sjálfstæðismenn stöðu sína enda að baki hagfelld kjörtímabil fyrir íbúana; lægri skuldir, lægri álögur og styrk stjórn. Kópavogsbúar voru með það á hreinu fyrir hvað Sjálfstæðisflokkurinn stendur, eftir að flokkurinn tók að sér forystu í málefnum bæjarins á miðju kjörtímabili.

Langt undir meðalfylgi

Í höfuðborginni er þessu öfugt farið. Sjálfstæðismönnum hefur ekki tekist að ná eyrum borgarbúa í mörg ár. Þrátt fyrir frjóan jarðveg, eftir fjögurra ára vinstri stjórn Samfylkingar og Besta flokksins / Bjartrar framtíðar, var niðurstaða kosninganna á laugardaginn sú versta í sögu flokksins. Frá 1930 hefur meðalfylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verið um 48%. Á laugardaginn fékk flokkurinn aðeins tæp 26%. Sjálfstæðismenn hafa verið undir meðalfylgi sínu í öllum borgarstjórnarkosningum frá árinu 1994.

Í grein undirritaðs sem birtist hér í Morgunblaðinu 5. febrúar síðast-

liðinn var því haldið fram að borgarþúar ættu erfitt með að átta sig á því fyrir hvað sjálfstæðismenn í Reykjavík standa:

„Eru þeir hlyntir eða andvígir flugvellinum? Eru sjálfstæðismenn fylgjandi þeirri áherslu að þetta byggðina á kostnað úthverfa og þjónustu við þau? Eru þeir talsmenn þess að þrengja að einkabílum, gera samgöngur milli borgarhverfa erfiðari og tímafrekari? Hvernig ætla sjálfstæðismenn að styrkja grunnskólana? Vilja þeir óbreyttar álögur á íbúa og hámarksútsvar? Þannig má lengi telja.

Á undanförunum árum hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gefið kjósendum misvísandi skilaboð. Engu er líkara en að framþjóðendur flokksins í komandi kosningum ætli að halda því áfram. Borgarstjórnarflokkur og framþjóðendur sjálfstæðismanna hafa ekki komið fram sem ein heild – samhentur hópur með sömu sýn á framtíðina. Afleiðingin er sú að kjósendur eru ringlaðir.

Ætli Sjálfstæðisflokkurinn að ná árangri í borgarstjórnarkosningunum í vor, verður stefnan að vera skýr. Og fyrirmyndirnar eru allt í kringum Reykjavík.”

Sterk staða

Sjálfstæðisflokkurinn stendur sterkt í nær öllum þeim sveitarfélögum sem hann bauð fram í, utan Reykjavíkur. Fylgi flokksins síðasta laugardag er 39,4% utan höfuðborgarinnar sem er töluvert meira en í kosningunum 2010. Sé Reykjavík tekin með í dæmið blasir nokkuð önnur mynd við. Fylgið er rétt liðlega 34% og minnkaði á milli kosninga.

Það þarf engan sérfræðing í tölfræði til að átta sig á því að aukin pólitískur styrkur Sjálfstæðisflokksins felst fyrst og síðast í að styrkja stöðuna í höfuðborginni þar sem liðlega 37% landsmanna búa. Takist það ekki er nær útilokað að sjálfstæðismenn nái að endurheimta stöðu sína á landvísu með 35-40% fylgi.

Endurreisn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er ekki eins manns verkefni heldur krefst hún sameiginlegt átaks margra. Borgarfulltrúar flokksins gegna þar lykilhlutverki ásamt þingmönnum flokksins, en ekki síður trúnaðarmönnum og almennum stuðningsmönnum um alla borg.

Augljóst er að allir þessir aðilar þurfa að endurskoða hvernig staðið er að verki. Trúnaðarmenn flokksins verða að leita nýrra leiða í innra starfi og tryggja aðkomu almennra flokksmanna og áhrif þeirra.

Þingmenn þurfa að leggja aukna rækt við borgarbúa og borgarfulltrúar verða að stíga í takt við hvern annan um leið og þeir berjast fyrir hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar – stunda pólitík og veita aðhald með harðri en málefnalegri stjórnarandstöðu við meirihluta vinstri manna í borgarstjórn.

Valfrelsi borgaranna

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eiga að taka stöðu með valfrelsi borgarbúa og berjast fyrir lægri álögum. Þeir eiga leggja áherslu á raunverulegt val í samgöngum, í búsetu og skólum. Þeir eiga að draga fram árangur sjálfstæðismanna í nágrannasveitarfélögum þar sem tekist hefur að samþætt öfluga þjónustu, hófsamar álögur og lágar skuldir. Þeir verða að berjast fyrir hagsmunum sjálfstæðra atvinnurekenda sem hafa átt undir högg að sækja síðustu fjögur ár. Borgarfulltrúar sjálfstæðismanna eiga að leggja áherslu á opið bókhald borgarinnar og að óskir íbúanna séu virtar í skipulagsmálum.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða á komandi árum að draga skýr mörk á milli sín og vinstri manna í borgarstjórn. Þannig geta þeir sannfært borgarbúa um að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir aukið valfrelsi íbúanna á öllum sviðum á sama tíma og vinstri menn vilja fækka þeim kostum sem í boði eru.

Reykjavíkurvekferni Sjálfstæðisflokksins hófst þegar niðurstaða í kosningum var ljóst að morgni sunnudags. Og verkefnið er óvenju skýrt og fyrirmyndirnar eru út um allt land, frá Kraganum til Eyja, frá Árborg til Akraness og Bolungarvíkur.

4. júní 2014

Döpur sýn í fjármálum borgarinnar

Á hverjum einasta degi liðins árs – frá sunnudegi til laugardags – var A-hluti borgarsjóðs rekinn með tæplega átta milljóna króna halla. Reksturinn var langt frá því sem gengið var út frá í fjárhagsáætlun og um 18 milljónum króna verri á hverjum degi en árið á undan.

Það er hægt að lýsa rekstri Reykjavíkurborgar á liðnum árum með einföldum hætti: Tekjur dugðu ekki fyrir rekstrarkostnaði. Í heild nam hallinn á A-hluta borgarsjóðs liðlega 2.800 milljónum króna.

Lausatök í A-hluta	
Reykjavík 2014 vs. 2009	
Tekjur hafa hækkað að raunvirði...	
	í millj. kr.
Skatttekjur	7.771
Aðrar tekjur	2.641
Samtals	10.413
en rekstrargjöldin enn meira...	
Rekstrarkostnaður samtals	17.055
Launakostnaður	7.220
en rekstrargjöldin enn meira...	
Rekstrarkostnaður samtals	17.055
Launakostnaður	7.220
og þess vegna er afkoman verri ...	
Mismunur 2014 og 2009	-6.862
og skuldirnar hærri	
Skuldaaukning frá 2009	23.240
Reykvíkingar bera byrðarnar	
	Á íbúa í þús. kr.
Hækkun launakostnaðar	94,2
Breyting á veltufé frá rekstri	-31,4
Hækkun skulda	180,5

Fjárhæðir eru á föstu verðlagi m.v. neysluverð 2014

Þegar rýnt er í ársreikning Reykjavíkurborgar getur það varla verið harður dómur að halda því fram að lausatök einkenni stjórnun fjármála í Ráðhúsinu við Tjörnina. Skiptir litlu hvort borin eru saman fjárhagsáætlun og niðurstaða ársreiknings eða liðið ár og síðasta ár fyrir valdatöku Dags B. Eggertssonar og Jóns Gnarr fyrir fimm árum.

Kostnaður úr böndum

Árið 2009 - fyrsta árið eftir fall fjármála-kerfisins – tókst að skila A-hluta borgarsjóðs með nokkrum afgangi. Á verðlagi liðins árs var niðurstaðan jákvæð um rétt ríflega fjögur þúsund milljónir króna. Afkoman var því tæplega 6.900 milljónum verri á síðasta ári þrátt fyrir að raunhækkun tekna hafi verið um 10.400 milljónir króna. Ástæðan?

Rekstrarkostnaður hefur snarhækkað og dómharðari menn en sá sem hér heldur um penna, gætu notað sterkari lýsingu en að kostnaðurinn hafi farið úr böndunum. Rekstur A-hluta borgarinnar

kostaði 17 þúsund milljónum króna meira á síðasta ári en árið 2009 á föstu verðlagi. Fyrir utan lífeyrisskuldbindingar var launakostnaður rúmlega sjö þúsund milljónum hærri.

Raunvirði launakostnaðar á hvern borgarbúa var 94 þúsund krónum hærri á síðasta ári en áður en Dagur B. og Jón Gnarr tóku við völdum. Hækkunin skýrist ekki aðeins af almennri launahækkun heldur ekki síður af fjölgun starfsmanna. Stöðugildum A-hluta fjölgaði um 528 og á liðnu ári voru 17,8 íbúar á bakvið hvern borgarstarfsmann í stað 19 áður. Starfsmönnum fjölgaði um 8,4% á sama tíma og borgarbúum fjölgaði aðeins um 1,4%. Þannig er reksturinn að verða óhagkvæmari og fjölgun starfsmanna eykur ekki ánægju borgarbúa með þá þjónustu sem þeir fá. Borgin fær ítrekað falleinkunn í óháðum þjónustukönnunum og kemur illa út í samanburði við nágrennasveitarfélögin.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga í A-hluta var á síðasta ári um eitt

Þúsund milljónum krónum hærrí en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Fjárlagaskrifstofa borgarinnar segir að ástæðuna megi „einkum rekja til mikilla launahækkana opinberra starfsmanna á síðasta ári“. Til að bæta gráu ofan á svart boðar Fjárlagaskrifstofan vöndar fréttir í skýrslu um ársreikning borgarinnar:

„Líkur eru á vaxandi gjaldfærslum vegna hækkandi aldurs og örorkumats Íslendinga sem lagt er til grundvallar tryggingafræðilegri úttekt.“

Verði ekkert að gert má því búast við að afkoma borgarsjóðs versni á komandi árum.

Verri rekstur hefur eðli máls áhrif á burði borgarinnar til að standa undir afborgunum lána, fjárfestingum í innviðum borgarinnar (skólum, gatnakerfi o.s.frv.) og bæta almennt þjónustu við íbúana.

Aukin vanmáttur

Veltufé frá rekstri nam aðeins 4.500 milljónum króna eða 5,4% af tekjum árið 2014. Fjármálaskrifstofa borgarinnar taldi rétt að vekja sérstaka athygli á lágu veltufjárhlutfalli og segir í skýrslu sinni að æskilegt sé að „hlutfall veltufjár frá rekstri sé hærra vegna skuldastöðu eða sem næst 9% sem hlutfall af tekjum“. (Til samanburðar er vert að hafa í huga að í Garðabæ var hlutfallið 12% á liðnu ári).

Milli árunna 2009 og 2014 lækkaði veltufé frá rekstri á hvern íbúa um 31 þúsund krónur að raungildi.

Fjárfesting borgarinnar á liðnu ári var aðeins liðlega átta þúsund milljónir króna – tæplega fimm þúsund milljónum króna lægri en ef Reykjavík hefði fjárfest fyrir svipaða fjárhæð á hvern íbúa og Garðabær. Holur í götum borgarinnar eru ein birtingarmynd takmarkaðrar fjárfestingar og furðulegrar forgangsröðunar.

Sú einfalda staðreynd blasir við að rekstur A-hluta borgarinnar - þ.e. sú þjónusta sem skatttekjur eiga að standa undir - gengur ekki upp. Og það þrátt fyrir að lítillar hófsemdar gæti þegar kemur að álögum á íbúa. Útsvarið er í hæstu hæðum og það tekur meðallaunamanninn í Reykjavík um viku lengur að vinna inn fyrir útsvarinu en ef hann hefði búsetu þar sem álögur eru lægstar.

Afleiðingin er veikari borgarsjóður og aukin vanmáttur borgarinnar til að veita borgarbúum þá þjónustu sem þeir greiða fyrir. Fyrir hönd borgarbúa hafa skuldir verið auknar. Í lok liðins árs skuldaði hver Reykvíkingur 530 þúsund krónur vegna A-hluta eða 180 þúsund krónum meira á föstu verðlagi en fyrir fimm árum.

Háðari afkomu fyrirtækja

Í tilkynningu Reykjavíkurborgar um rekstur og efnahag á liðnu ári var lögð áhersla á jákvæða rekstrarniðurstöðu í samstæðureikningi þ.e. A- og B-hluta. Afkoman var betri en áætlun gerði ráð fyrir og þá fyrst og fremst vegna lægri vaxtagreiðslna Orkuveitu Reykjavíkur og endurmats á eignum Félagsbústaða.

Öllum má vera ljóst að ágætlega hefur tekist til við að rétta við rekstur Orkuveitunnar og styrkja fjárhagsstöðuna með lækkun skulda. Borgarbúar og aðrir viðskiptavinir lögðu einnig sitt af mörkum við endurreisnina og greiddu hærra verð fyrir þjónustuna.

Litlar eða engar líkur eru á því að Reykvíkingar fái að njóta bættrar stöðu Orkuveitunnar í formi lækkunar á gjaldskrá. Til þess er A-hluti borgarsjóðs of háður góðri afkomu borgarfyrirtækja að minnsta kosti á meðan skatttekjur duga ekki fyrir rekstrarkostnaði. Þess utan liggur fyrir aukin þörf á fjárfestingum við Hellsisheiðavirkjun „til að viðhalda rafmagnsframleiðslunni og uppfylla strangari staðla um loftgæði“, eins og segir í skýrslu Fjárlagaskrifstofunnar. Leigjendur hjá Félagsbústöðum geta ekki reiknað með hagstæðari leigu á komandi misserum og árum. Þvert á móti segir Fjárlagaskrifstofan að vegna hærra íbúðaverðs og samþykktar borgarstjórnar um að auka framboð á félagslegum leigueignum kalli „á hærra leiguverð til notenda félagsins, að öðru óbreyttu“.

Geta glaðst yfir einu

Niðurstaðan er því þessi:

Að óbreyttum rekstri verða álögur á borgarbúa ekki lækkaðar á komandi árum – hvorki skattar eða gjaldskrár borgarfyrirtækja. Reykvíkingar njóta í engu hagkvæmni stærðarinnar eins og glögglega sést þegar rekstur nágrannasveitarfélaganna er tekin til samanburðar. Miðað við þróun síðustu ár og lausatökin í rekstri A-hluta borgarsjóðs eru mestar líkur á að álögur og þjónustugjöld á heimili og fyrirtæki í höfuðborginni hækki.

Borgarbúar geta þó glaðst yfir einu:

Borgarfulltrúum hefur tekist þokkalega að verja eigin kjör. Þannig var launakostnaður á síðasta ári vegna borgarráðs og borgarstjórnar um 24 milljónum krónum hærri á föstu verðlagi en árið 2009.

6. maí 2015

Borgarstjóri „aðhalds“ og „útsjónarsemi“ leitar að tekjustofnun

Frá því að Dagur B. Eggertsson, tók við lyklavöldum að Ráðhúsi Reykjavíkur ásamt Jóni Gnarr, hafa skuldir borgarsjóðs aukist um liðlega 13.300 milljónir króna á föstu verðlagi. Þannig hafa þeir félagar veðsett framtíðina og ekki geta þeir borið fyrir sig lækandi tekjur. Á síðasta ári voru heildartekjur borgarsjóðs rúmlega 13.100 milljónum krónum hærrí að raunvirði en 2010 þegar Jón Gnarr gerðist borgarstjóri og Dagur B. settist í stól formanns borgarráðs.

Það þarf enga sérfræðilpekkingu á rekstri sveitarfélaga til að átta sig á að rekstur A-hluta borgarsjóðs – þess hluta borgarinnar sem er fjármagnaður með sköttum og gjöldum á íbúana – er kominn í ógöngur. Útgjöldin virðast stjórnlaus enda hafa þau hækkað um 15.800 milljónir króna á föstu verðlagi, á valdatíma Dags B. Eggertssonar og samverkamanna hans.

Lóðasala og snjómokstur

Á fyrstu sex mánuðum þessa árs nam halli á A-hluta borgarinnar 3.038 milljónum króna og er líklega vanmetinn þar sem gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga verður hærrí þegar árið er úti, en gengið var út frá. Nú er svo komið að rekstrarkostnaður er 128% af skatttekjum borgarinnar og stefnir að óbreyttu að verða enn hærrí, þó ekki væri nema vegna lífeyrisskuldbindinga. Þessu til viðbótar má reikna með að handbært fé lækki meira en áður var talið og þar með hækka skuldir og fjármagnskostnaður.

Hverju svarar borgarstjóri um hallareksturinn?

Í huggulegu viðtali við Ríkisútvarpið [27.08] sagði Dagur B. Eggertsson að lóðasala hefði tafist en hann vonist til að „vinna það upp á seinni hluta árs“. Þá hafi snjómokstur verið meiri en reiknað hafi verið með, sérkennsla í skólum hafi farið framúr áætlunum sem og launakostnaður í velferðarmálum. „Við þurfum að fara yfir þetta allt og almennt í rekstrinum er áskoronin sú að eiga fyrir nýju kjarasamningunum,“ sagði borgarstjóri. Þegar hann var spurður hvað eigi að gera og hvort hækka eigi gjaldskrár var svarið merkilegt:

„Við munum einfaldlega bara fara yfir það. Við höfum oft séð

Það svartara á undanförunum árum. En það þarf áfram að sýna aðhald, útsjónarsemi og við þurfum áfram að finna leiðir til að halda uppbyggingunni í borginni áfram.“

Reykvíkingar hafa ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur ef borgarstjóri trúir því í einlægni að „aðhald“ og „útsjónarsemi“ einkenni störf meirihluta borgarstjórnar. Raunhækkun rekstrarkostnaðar A-hluta sýnir hið gagnstæða. Lifi menn í sjálfsblekkingum sigla þeir hraðbyri að feigðarósi.

Skortur á tekjustofnum!

Fyrir utan vandræði í lóðasölu, of mikinn snjómokstur og „dýra“ sérkennslu, er borgarstjóri sannfærður um að borginni glími við annað vandamál: Skortur á tekjustofnum!

Þannig talar maðurinn, sem á valdatíma sínum hefur stöðugt hækkað skatta og gjöld á borgarbúa og fyrirtæki. Hækkunin jafngildir um 430 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu (á verðlagi fyrir hluta þessa árs). Það er sem sagt skortur á tekjustofnum í öllu „aðhaldinu“ og „útsjónarseminni“ enda útsvarið eins hátt og lög leyfa.

Þess vegna vill borgarstjóri að góð sneið af skatttekjum ríkissjóðs komi í borgarsjóð. Þetta er vegna „hagvaxtar sem skapast í Reykjavík“, útskýrir borgarstjóri. Auðvitað ætlar borgin ekki að taka við verkefnum frá ríkinu – slíkt er ekki í takt við „aðhaldið“ sem er í rekstrinum. Kannski að borgarstjóri bendi fjármálaráðherranum, sem nú er upptekinn við að lækka tekjuskatt, tolla og vörugjöld, á að ekki sé ósanngjarnt að Austfirðingar fái aukna hlutdeild í ríkistekjunum með hliðsjón af því hve stór hluti tekna af vöruútflutningi landsmanna á uppruna sinn í austfirskum byggðalögum. Að ekki sé talað um Vestmannaeyjar og öll hin sveitarfélögin sem standa undir hagvexti, hvert með sínum hætti.

„Útsjónarsemi“ meirihluta borgarstjórnar birtist í sinni tærustu mynd þegar borgarfulltrúi og flokkssystir borgarstjóra, lagði til að sameina knattspyrnulið í efstu deild í sparnaðarskyni. Rökin eru sótt til Kaupmannahafnar þar sem einungis mun vera starfrækt eitt lið í efstu deild, FC København. Samkvæmt frétt Viðskiptablaðsins er borgarfulltrúinn á því að dýrt sé að reisa, reka og viðhalda stúkum og öðrum mannvirkjum fyrir sex knattspyrnulið. Betur fari á því að sá kostnaður verði lækkaður með sameiningum. Reykjavíkurfélögin sem eru í neðri deildum sleppa við „aðhaldið“.

Lausn á húsnæðisvandnum

Í örvæntingarfyllri leit að tekjum ákvað meirihluti borgarstjórnar að leggja á sérstaka viðbótargreiðslu og gatnagerðargjald fyrir stækkun og nýbyggingar. Gjaldið er 14.300 krónur á fermetra vegna nýs íbúðarhúsnæðis, eða 1,43 milljónir á 100 fermetra íbúð. Gjaldið leggst ofan á gatnagerðargjald sem þegar er innheimt og er 10.400 krónur á fermetra í fjölbýli. Þannig ætlar Reykjavíkurborg að leggja tæplega 2,5 milljónir króna gjöld á nýja 100 fermetra íbúð.

Kannski hafa fulltrúar meirihlutans sannfært sjálfa sig um að auknar álögur á íbúðarhúsnæði sé snjöll leið til að leysa húsnæðisvandann sem glímt er við í Reykjavík. Þó er líklegra að Dagur B. Eggertssonar og samverkafólk hans í borgarstjórn séu búin að gefast upp á verkefninu og telja því best að næla í aukakrónur í tómann borgarsjóð.

Loforðið um allt að 3.000 leiguíbúðir er hætt að hljóma líkt og það gerði svo fallega í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga á liðnu ári. Nú segir borgarstjóri að betur verði rýnt í fjárlög ríkisins fyrir komandi ár og að fylgja verði eftir samkomulagi sem gert var í húsnæðismálum í nýgerðum kjarasamningum. Ríkisstjórnin er þannig helsta von Dags B. Eggertssonar í húsnæðismálum. Hann sér húsnæðismálaráðherra veifandi bjarghringnum rétt fyrir framan sig, með jafn hástemmdum loforðum um byggingu þúsunda félagslegra leiguíbúða, og fleytti Degi B. í stól borgarstjóra.

Ekki verður komist hjá því að skrifa um þá vitleysu síðar.

16. september 2015

Draumur borgarstjóra – martröð borgarbúa

Höfuðborgarbúar hafa ríka ástæðu til þess að hafa áhyggjur. Rekstur borgarsjóðs er ekki sjálfbær – stendur ekki undir sér – skuldum er safnað enda eytt um efni fram. Meirihluti borgarstjórnar með borgarstjóra í broddi fylkingar, neitar að horfast í augu við raunveruleikann en býður íbúum upp á sjónleik; ekkert amar að annað en að tekjur eru ekki nægilegar miklar.

Þetta er „tekjuvandi“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Tekjuvandi“ A-hluta borgarsjóðs liggur í eftirfarandi:

- Árið 2014 voru útsvarstekjur liðlega átta þúsund milljónum króna

hærri að raunvirði en 2010 (árið sem Dagur B. Eggertsson og Jón Gnarr tóku við lykklunum að sameiginlegri peningakistu borgarbúa).

- Samkvæmt áætlun (svokallaðri útgönguspá meirihluta borgarstjórnar) verða tekjur A-hluta borgarsjóðs rúmlega 18 þúsund milljónum krónum hærri að raunvirði á þessu ári en 2010.
- Tekjur A-hluta verða um 530 þúsund krónum hærri á hverja fjögurra manna fjölskyldu en 2010.

Þetta er það sem borgarstjóri kallar af hófsemi sinni „tekjuvanda“. Kannski er það þess vegna sem hann lætur sig dreyma um mikla aukningu tekna. Í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er draumurinn sá að tekjur A-hlutans verði liðlega 27 þúsund milljónum krónum hærri en 2010. Í sælulandi svefnóranna verður borgarsjóður þannig tekinn réttum megin við strikið.

Einfaldleiki tilverunnar

„Tekjur hafa hækkað hægar en gjöldin,“ sagði Dagur B. Eggertsson í viðtali við DV um miðjan október. Það er næstum aðdáunarvert hversu tilveran er einföld í huga vinstri manns. Opinber rekstur snýst um að auka tekjurnar, finna nýja skatt- og gjaldstofna, svo unnt sé að halda áfram að gera það sem er skemmtilegast; að eyða annarra manna peningum.

Í einfaldleika tilverunnar er lítil ástæða til að hafa áhyggjur af eftirfarandi staðreyndum:

- Launakostnaður A-hluta samkvæmt áætlun (útgönguspá) verður 11,6 þúsund milljónum krónum hærri á þessu ári en 2010 á verðlagi 2015.
- Frá 2010 til 2014 fjölgaði stöðugildum hjá A-hluta um 328. Fyrir utan lífeyrisskuldbindingar má reikna með að árlegur kostnaður vegna fleiri starfsmanna sé um 2,2 þúsund milljónir króna.
- Að raunvirði verður rekstrarkostnaður borgarinnar í heild liðlega 30 þúsund milljónum hærri að raunvirði á þessu ári en árið sem Dagur B. Eggertsson og Jón Gnarr tóku við völdum í ráðhúsinu.
- A-hluti borgarsjóðs kostar hverja fjögurra manna fjölskyldu 3,3 milljónir eða 929 þúsund krónum meira en 2010.

Efnahagur „aðhalds“ og „útsjónarsemi“

Í viðtali við Ríkisútvarpið í ágúst var borgarstjóri sannfærður um að rekstur borgarsjóðs sýndi „aðhald“ og „útsjónarsemi“ meirihlutans. Efnahagur borgarinnar ber þess lítil merki, svo ekki sé dýpra tekið í árinni:

- Frá 2010 til loka þessa árs (gangi áætlun meirihlutans eftir) mun eigið fé borgarsjóðs hafa rýrnað um 20,4 þúsund milljónir á föstu verðlagi.
- Eiginfjárhlutfallið lækkar úr 69% í 49%.
- Skuldir A-hluta verða um 22,3 þúsund milljónum hærrí lok þessa árs en 2010 á verðlagi 2015.
- Skuldaaukning borgarsjóðs nemur 734 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu.
- Fjárhagsáætlun 2016 gerir ráð fyrir að skuldir aukist áfram og hækki um 4,4 þúsund milljónir frá upphafi til loka árs.

Það er kokhraustur borgarstjóri sem treystir sér til að halda því fram að „aðhald“ og „útsjónarsemi“ hafi einkennt stjórn borgarinnar á síðustu árum. Þvert á móti geta gagnrýnendur meirihluta borgarstjórnar rökstudd með ágætum hætti að þar hafi óráðsía og óstjórn fengið að grassera.

Ekki steinn yfir steini

Sex mánaða uppgjör A-hluta borgarinnar sýndi halla upp á liðlega þrjú þúsund milljónir króna. Í grein hér í Morgunblaðinu hélt ég því fram að líklega væri hallinn vanmetinn þar sem gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga verði hærrí þegar árið er úti, en gengið var út frá. Ný áætlun, sem fylgdi með fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, sýndir enn verri stöðu en mig gat grunað. Samkvæmt svokallaðri útgönguspá stefnir í að halli á A-hluta verði 13,4 þúsund milljónir króna á þessu ári. Í fjárhagsáætlun 2015 sem lögð var fram á síðasta ári var gengið út frá 434 milljóna tekjuafgangi. Vonandi er útgönguspáin fyrir þetta ár reist á betri grunni en fyrir 2014: Raunveruleikinn reyndist þá 19-sinnum verri en spáin.

Það stendur því varla steinn yfir steini í áætlunum meirihluta borgarstjórnar og því ættu borgarbúar að hafa áhyggjur. Borgarstjóri og félagar hans í borgarstjórn, lofa að skila 567 milljónum króna í tekjuafgang á komandi ári. Ef til vill er búið að leysa „tekjuvandann“ því tekjurnar eiga að hækka um tæpar níu þúsund milljónir. Það jafngildir nær 292 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Vonandi fækkar holunum í götum, borgin verði snyrtilegri og þjónustan við borgarbúa eflist fyrst búið er að vinna bug á þeim „skorti“ á tekjustofnum sem hefur plagað borgarstjóra. Borgarbúar geta að minnsta kosti látið sig dreyma skamma stund, þótt líklegt sé að draumurinn breytist í martröð.

11. nóvember 2015

Holur, kurl og borgarstjóri með betlistaf

Reykjavík stæði ágætlega undir því að vera höfuðborg holunnar, þar sem boðið er upp á dekkjakurl, ýmis gæluverkefni, sífellt lakari þjónustu, heilsuferðir í grenndargáma og fjárhagslega ósjálfbærni.

Gatnakerfi borgarinnar er að hrynja. Varla er til sú stofnbraut, tengibraut eða íbúðagata í höfuðborginni sem ekki er eins og svissneskur ostur. Holur og sprungur.

Kannski á ástandið ekki að koma á óvart. Meirihluti borgarstjórnar hefur aldrei haft áhuga á að tryggja greiðar samgöngur, nema þá helst fyrir hjólreiðamenn, sem eru alls maklegir, ekki síður en þeir sem fara leiðar sinnar á einkabíl. Ekki er gert við götur nema í algjörrri neyð eða þá helst til að þrengja að einkabílnum og gera slökkvi- og sjúkrabílum erfiðara fyrir. Fjárhagsstaða borgarsjóðs leyfir ekki að lagðir séu miklir fjármunir í viðhald og uppbyggingu gatnakerfisins, allra síst þegar leggja þarf fram fjármuni í skemmtileg gæluverkefni.

Borgarstjóra er vorkunn

Í byrjun mars fór borgarstjóri í felur þegar fjölmiðlar vildu fá að vita hvað gera ætti til að lagfæra götur borgarinnar. Embættismaður var látinn svara og í viðtali við Morgunblaðið taldi hann að ástandið væri viðunandi.

Tveimur dögum síðar kom borgarstjóri úr felum og visir.is hafði eftir honum:

„Ég setti mig í samband við vegamálastjóra og bæjarstjórana á höfuðborgarsvæðinu og allir segja sömu söguna. Það eru miklar áhyggjur af stöðu gatnakerfisins.“

Borgarstjóri þurfti staðfestingu frá öðrum um ástand gatnakerfisins og þar með varð hann áhyggjufullur.

Borgarstjóra er vorkunn. Staða borgarsjóðs leyfir lítið sem ekkert. Tekjur duga ekki fyrir grunnrekstri – svo illa hefur verið haldið á málum allt frá því að Samfylkingin og Besti flokkurinn (forveri Bjartrar framtíðar) tóku við völdum 2010.

Samkvæmt áætlun voru skatttekjur borgarsjóðs á síðasta ári um 11,3 milljörðum króna hærri að raunvirði en 2010 (m.v. meðalverðlag 2015). Meirihluti borgarstjórnar getur því ekki kvartað yfir tekjuleysi

eða óhagstæðri þróun. Þvert á móti. Allir tekjustofnar eru þandir til hins ýtrasta, útsvarsþrósentan eins há og lög heimila og ný gjöld eru tekin upp.

Það er því ekki glímt við tekjuvanda heldur heimatilbúinn vanda. Meirihlutinn hefur misst tókin á rekstri borgarinnar. Á liðnu ári kostaði rekstur A-hluta tæplega 15 milljörðum króna meira að raunvirði en 2010 og eru þá lífeyrisskuldbindingar og afskriftir ekki taldar með.

Alvarleg staða – skert þjónusta

Eftir nær sex ár í meirihluta og nú einnig með Vinstri grænum og Pírötum, er svo komið að borgarsjóður er ekki sjálfbær. Að óbreyttu stefnir í óefni eins og alltaf þegar eytt er um efni fram. Nú ætlar borgarstjóri að spara – ekki í yfirbyggingunni og stjórnkerfinu. Nei, hnífnum verður beitt á annað auk þess sem Ráðhúsinu verður lokað um helgar fyrir þúsundum ferðamanna.

Borgin hefur skert ýmsa þjónustu við borgarbúa. Sorphirða er í öfugu hlutfalli við hækkun sorphirðugjalda og þegar íbúarnir kvarta, benda stoltir borgarfulltrúar á að það sé bæði hollt og gott að fá sér göngutúr að næsta grenndargámi með ruslið!

Þjónusta við eldri borgara hefur verið skert og nú skal hnífnum einnig beint að börnum og unglungum.

Gunnskólar, frístundaheimili og leikskólar skulu skera niður um 670 milljónir króna á þessu ári. Forstöðumenn þessara stofnana vita hins vegar ekki hvernig það á að gerast. Allt er í lausu lofti – ekkert fast í hendi.

Elín Erna Steinarsdóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Bakkaborg í Breiðholti, sagði í viðtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins 11. mars síðastliðinn:

„Það er erfitt að geta ekki gengið að rekstrinum vísam, geta í raun illa áætlað hversu mikla mönnun við getum haft. Það er í rauninni þessi barátta við að halda uppi eins mikilli mönnun og hægt er. Þá er alltaf hættu á að fara yfir.“

Forgangsroðunin er sérkennileg. Á sama tíma og stjórnendum leik- og grunnskóla er gert að spara er ráðist í enn eitt gæluverkefnið – breyta á Grensásvegi fyrir 170 milljónir króna. Íbúar við götuna og þeir sem þurfa að fara þar um daglega geta að vísu þakkað fyrir að engin áætlun er um að reisa þar fuglahús. Þeir sem fara um Hofsvallagötu velta því hins vegar margir fyrir sér af hverju í ósköpunum allar þessar holur eru í götunni sem skartaði í nokkra mánuði fuglahúsum án fugla sem kostuðu tugi milljóna.

Ólíkt hafast þeir að

Svo aamt er ástandið að Reykjavíkurborg hefur ekki burði til að láta heilsu barna og unglinga njóta vafans og skipta úr dekkjakurlu á íþróttavöllum. Foreldrar hafa áhyggjur af því að kurlið innihaldi krabbameinsvaldandi eiturefni.

Í viðtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins 6. mars sagði borgarstjóri að öll gögn málsins hefðu verið skoðuð og leitað til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins um hvort gefa eigi út nýjar leiðbeiningar um notkun vallanna:

„En þetta er sú leið sem lönd sem gæta hvað mestrar varúðar hafa farið og það er sú leið sem við erum að fara.“

Leiðin sem borgarstjóri ætlar að fara er að skipta út kurlinu þegar vellirnir eru endurnýjaðir. Einn er á dagskrá á þessu ári og tveir á því næsta. Þegar fréttamaður innti borgarstjóra eftir því hvort ekki væri hægt að forgangsraða þannig að þessu væri flýtt til að róa áhyggjufulla foreldra var svarið:

„Jú, við erum í raun að gera það en þetta snýst um yfir 127 velli í 59 sveitarfélögum. Þannig að ef Alþingi og ríkið vill koma myndarlega að málinu myndi ég fagna því. Endurbótasjóður sem myndi flýta þessu um land allt væri örugglega eitthvað sem myndi mælast mjög vel fyrir hjá þeim sem hafa lýst áhyggjum af málinu.“

Borgarstjóri ætlar með öðrum orðum að fara með betlistaf í hendi og óska eftir fjárhagslegum stuðningi ríkisins til að fjarlægja hið eittraða dekkjakurl. Á sama tíma berast fréttir um að sveitarstjórnir Akraness, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Seltjarnarness ætli að fjarlægja kurlið á íþróttavöllum bæjanna og það án þess að blanda ríkinu í verkefnið.

Ólíkt hafast þeir að, sjálfstæðismennirnir í sveitarfélögunum fjórum og meirihluti félagshyggjunnar í Reykjavík.

Traustið hrynur

Samkvæmt könnun Gallup hefur traust kjósenda á borgarstjórn Reykjavíkur verið í frjálsu falli síðustu mánuði. Aðeins 19% segjast treysta borgarstjórn á móti 31% fyrir réttu ári. Þetta þýðir að tæplega fjórir af hverjum tíu sem áður höfðu traust á borgarstjórn hafa það ekki lengur.

Miðað við ástandið í borginni kemur þessi niðurstaða varla flatt upp á nokkurn mann. Reykjavíkurborg er í fjárhagslegum ógöngum, lausung ræður ríkjum við stjórn fjármála, forstöðumenn stofnana vita ekki sitt

rjúkandi ráð, göturnar eru að grotna niður, þjónusta við eldri borgara er skert, börn og unglingar sitja á hakanum, gjöld og skattar í hæstu hæðum, borgarþúum er vísað á grenndargáma sér til heilsubótar og óþægilegum staðreyndum um þjónustu borgarinnar er stungið niður í skúffu. Til að kóróna þetta allt hefur borgarstjóri breyst í ölmusumann fyrir framan Alþingi.

Um það skal efast að minnihluti í íslensku sveitarfélagi hafi nokkru sinni fengið önnur eins sóknarfæri og boðið er upp á í Reykjavík. Færin eru hins vegar lítils virði ef þau eru ekki nýtt.

16. mars 2016

Nöturleg lesning og kaldar staðreyndir

Hafi einhverjir borið þá von í brjósti að birta færi yfir Reykjavíkurborg hafa þeir orðið fyrir áfalli þegar ársreikningur borgarinnar 2015 var lagður fram fyrir nokkrum dögum. Borgarsjóður stefnir í greiðsluþrot verði ekki brugðist við. Þrátt fyrir meiri almenna hagsæld, auknar tekjur og hærri gjöld á borgarþúa og fyrirtæki er borgarsjóður ósjálfbær og skuldir halda áfram að aukast.

Það skiptir ekki aðeins Reykvíkinga máli hvernig til tekst við rekstur borgarinnar. Beint en óbeint eiga allir landsmenn mikið undir því að hagur borgarinnar sé góður. Ekki aðeins vegna þess að Reykjavík er höfuðborg sem öllum þykir vænt um, heldur einnig vegna þess að umsvif borgarinnar vega þungt í efnahag landsins alls.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2015 er fremur nöturleg lesning. Halli á rekstri borgarsjóðs á liðnu ári var liðlega 12,8 milljarðar króna, eða rúmlega einn milljarður að meðaltali í hverjum mánuði. Borgarstjóri leit ar skjóls og bendir á hækkun á gjaldfærslu líffeyrisskuldbindinga. Um leið vill hann beina athyglinni frá undirliggjandi og að því er virðist krónískum vanda í rekstri borgarsjóðs. Hægt og bítandi hefur meirihluti borgarstjórnar misst tókin á rekstri borgarinnar. Lausungin sem innleidd var árið 2010, þegar Dagur B. Eggertsson tók við stjórn borgarinnar í félagi við Jón Gnarr sem borgarstjóra, hefur náð að festa rætur í tíð núverandi meirihluta fjögurra flokka; Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata.

Auknar tekjur, hærrí skuldir

Rekstur og efnahagur borgarsjóðs á verðlagi 2015 m.v. neysluverðsvisítölu

Rekstur í m.kr.			
	2010	2015	Breyting
Tekjur	71.137	91.045	19.908
Gjöld	71.394	103.896	32.502
pr. íbúa í þús. kr			
Tekjur	601	747	146
Gjöld	603	853	249
Efnahagur í m.kr.			
	2010	2015	Breyting
Eigið fé	94.644	73.778	-20.866
Skuldir og skuld-bindingar	56.339	80.702	24.363
pr. íbúa í þús. kr			
Eigið fé	800	606	-194
Skuldir	476	662	186

20 milljarða aukning

Á liðnu ári voru tekjur borgarsjóðs nær 20 milljörðum hærrí að raunvirði en 2010. Þetta þýðir að borgin hafði 146 þúsund krónum meira í tekjur af hverjum borgar-búa árið 2015 en árið sem Jón Gnarr og Dagur B. Eggertsson náðu í sameiningu völdum í ráðhúsinu. Þetta jafngildir því að hver fjögurra manna fjölskylda hafi greitt til borgarsjóðs um 585 þúsund krónum meira að raunvirði. Þetta er svipuð fjárhæð og meðalmánaðarlaun.

Borgin hefur ekkert gefið eftir í að afla sér fjár. Útvar er eins hátt og lög leyfa og mun hærrí en í mörgum minni sveitarfélögum, sem njóta ekki þeirrar hagkvæmni stærðarinnar sem Reykjavík ætti að búa við væri rétt staðið að málum.

Á síðasta ári voru útvarstekjur borgarinnar 10,9 milljörðum króna hærrí á föstu verðlagi en árið 2010.

En gríðarleg aukning tekna hefur ekki endurspeglast í bættu fjárhagsstöðu borgarsjóðs. Þvert á móti, enda hafa útgjöld vaxið mun hraðar, eða um 32,5 milljarða. Með öðrum orðum:

Rekstur borgarinnar kostaði hvern íbúa 249 þúsund krónum meira á síðasta ári en fimm árum áður. Þannig hafa fjölskyldur í Reykjavík þurft að axla þyngri byrðar – eina milljón króna – í formi hærrí gjalda og aukinna skulda. Í litlu hafa borgarbúar fengið að njóta dýrari rekstrar. Þjónusta borgarinnar hefur versnað, skiptir engu hvort um er að ræða sorphirðu, þjónustu við aldraða, leikskóla, grunnskóla eða einfaldlega að halda borginni sæmilega þrífalegri.

Ílla farið með

Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og félögum hans í meirihluta borgarstjórnar hefur ekki tekist vel upp við að varðveita sameiginlegar eigur borgarbúa, ef lítið er til ársreiknings borgarsjóðs. Eigið fé hefur rýrnað á föstu verðlagi um nær 21 milljarð og skuldir aukist um liðlega 24 milljarða frá 2010. Eiginfjárhlutfallið hefur þannig verið í frjálsum falli. Árið 2010 var það 63% en í lok liðins árs var það komið niður í 48%.

Flest bendir til að þessi þróun haldi áfram út kjörtímabilið. Á sama

tíma og þjónustan versnar minnkar fjárhagslegt bolmagn borgarinnar til að sinna grunnhlutverki sínu.

Ekki eins skemmtilegt

Hafi borgarbúar vonast eftir því að opinberar álögur lækkuðu á komandi árum geta þeir gefið þær vonir upp á bátinn með núverandi meirihluta. Útvar verður ekki lækkað, þjónustugjöld lækka ekki, jafnvel þótt dregið verði úr þjónustu. Þvert á móti er líklegt að borgin seilist enn dýpra í vasa borgarbúa í viðleitni sinni til að bjarga fjárhagnum og fjármagna gæluverkefni sem eiga hug borgarfulltrúa. (Og auðvitað mun borgarstjóri halda áfram að krefjast þess að fá aukinn hlut ríkistekna.) Þjónustan verður lélegri og borgin skítugri. Möguleikar borgarinnar til að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum, og þá ekki síst til að koma gatnakerfinu í viðunandi horf, eru litlir á næstu árum. Hugmyndir um að styrkja og efla leik- og grunnskóla borgarinnar verða að óbreyttu ekki annað en hugmyndir á blaði. Eldri borgarar munu ekki njóta forgangs fremur en áður.

Þannig er komið fyrir stærsta sveitarfélagi landsins. Verst er að enginn vilji eða skilningur er á því meðal meirihluta borgarstjórnar að breytinga er þörf. Nauðsynlegt er að skera upp reksturinn, forgangsraða í útgjöldum og sinna grunnþörfum borgarbúa. En það er auðvitað ekki eins skemmtilegt og að lifa í sviðsljósi fjölmiðla með loftlykil á lofti, reiðhjólahljalm á höfði eða flytja skrifstofur á milli hverfa borgarinnar.

Á næsta ári verður ársreikningur borgarinnar 2016 birtur. Og enn á ný verður lesningin því miður nóturleg fyrir borgarbúa, jafnt og aðra.

Morgunblaðið 4. maí 2016

Birtir yfir Hafnarfirði – þoka yfir Reykjavík

Ólíkt hafast þeir að, Gaflararnir í Hafnarfirði og meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur.

Á komandi ári verður útvar í Hafnarfirði lækkað. Álagningarprósenta fasteignaskatts og holræsa- og vatnsgjalds á íbúðarhúsnæði lækkar einnig og dvalargjöld á leikskólum verða óbreytt á nýju ári, sem þýðir raunlækkun. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar, sem

hefur unnið að fjárhagslegri endurreisn Hafnarfjarðar, ætla að draga úr álögum á íbúana og lofa þeim að njóta þess árangurs sem náðst hefur. En um leið verða útgjöld til grunnþjónustu sveitarfélagsins (leik- og grunnskólar, fjölskylduþjónusta, menningarmál og umhverfisþjónusta) aukin umfram almennar verðlagshækkanir, samtals að fjárhæð um 390 milljónir króna.

„Í fyrsta skipti í a.m.k. 18 ár erum við ekki með útsvarið í hámarki,“ segir Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri í frétt sem birtist á vef Hafnarfjarðarbæjar:

„Við munum halda innviðafjárfestingum áfram á nýju ári. Þrjár nýjar félagslegar íbúðir eru nú í kaupferli og gert ráð fyrir 200 milljónum til viðbótar í félagslegar íbúðir á næsta ári. Aukin áhersla verður lögð á fagmenntun og nýsköpun í þjónustu bæjarins, fjölmenningu, bættan námsárangur og snemmtæka íhlutun svo fátt eitt sé nefnt. Viðhaldi hefur verið ábótavant hin síðustu ár og munum við í ár m.a. auka við viðhaldsfé til fasteigna, gatna og göngustíga bæjarins, efla snjómokstur og hálkuvarnir, sópun, slátt og beðahreinsun.“

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðismanna og formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, skrifaði grein hér í Morgunblaðið 15. september síðastliðinn þar sem hún benti á að búið væri að snúa rekstri bæjarins til betri vegar. Á fyrstu sex mánuðum ársins var afkoman 900 milljónum betri en á sama tíma fyrir ári. Hagræðing og aðhald skilaði sér. „Ein mesta hagræðingin náðist í útboðum vegna kaupa á þjónustu fyrir sveitarfélagið,“ skrifaði Rósa en alls nemur sparnaðurinn um 150 milljónum króna á ári eða 600 milljónum á heilu kjörtímabili.

Fjármunir skattgreiðenda

Það er sem sagt hægt að ná árangri í rekstri sveitarfélaga, jafnvel þeirra sem hafa glímt við áralanga erfiðleika. Árangurinn bitnar ekki á þjónustu við íbúana heldur þvert á móti. Rósa er í hópi þeirra stjórnmalamanna sem telja það eiga „að vera keppikefli kjörinna fulltrúa að fara vel með fjármuni skattgreiðenda“ og „nýta þá fyrst og fremst í þau verkefni sem hinu opinbera ber að sinna og gera það þá af metnaði“:

„Í Hafnarfirði munum við halda áfram á sömu braut, sýna ábyrgð og ráðdeild í rekstrinum til hagsbóta fyrir Hafnfirðinga og framtíð þeirra. Þá fer líka að verða grundvöllur til þess að lækka álögur og gjöld í bæjarfélaginu.“

Á komandi ári verður stigið mikilvægt skref í þessa átt. Það birtir því yfir Hafnarfirði.

Dýpra í vasa skattgreiðenda

Í Reykjavík þurfa íbúarnir að sætta sig við að enn eitt árið verður útsvarið í hæstu hæðum og seilst verður djúpt í vasa borgarþú. Þrátt fyrir verulega hækkun á fasteignamati ætlar borgarstjórn ekki að koma til móts við íbúana með því að lækka álagningarprósenta. Nei, hún verður óbreytt og þannig „krækir“ borgarsjóður sér í aukakrónur úr vösum borgarþúa. Á næsta ári verða skatttekjur borgarinnar af hverjum íbúa 90 þúsund krónum hærri en á síðasta ári, samkvæmt fjárhagsáætlun.

Hreinar skuldir A-hluta borgarsjóðs hafa hækkað verulega á síðustu árum og munu hækka enn frekar á næsta ári. Ári áður en Dagur B. Eggertsson og Jón Gnarr tóku við völdum í Reykjavík var eiginfjárhluðfallið 63%. Í lok síðasta árs var það komið niður í 43% en er vonast til að það lagist lítillega á þessu ári. Í árslok 2009 námu skuldir A-hluta 33,8 milljörðum króna en við lok síðasta árs voru skuldirnar komnar í 80,7 milljarða króna.

Í fimm ára áætlun meirihluta borgarstjórnar er reynt að draga upp bjartari mynd af afkomunni, sem þó er fyrst og fremst studd af tekjum af söluhagnaði og sölu byggingarréttar, sem nema á bilinu 3,7-4,4 milljörðum króna ár hvert. Að óbreyttu er fátt sem bendir til að A-hluti borgarsjóðs verði sjálfbær, og á næsta ári er reiknað með 2,9 milljörðum vegna sölu byggingarréttar og 1,3 milljörðum í hagnað af sölu eigna. Með þessu á borgarsjóður að vera réttum megin við núllið.

Ríkisaðstoð!

Fyrir á þessu ári var ástandið svo aumt að borgin treysti sér illa til að setja heilsu barna og unglinga í forgang og hefjast þegar handa við að skipta út eitruðu dekkjakurli á íþróttavöllum. Fréttamaður Ríkisútvarpsins spurði þeirrar eðlilegu spurningar hvort ekki væri hægt að forgangsraða þannig að þessu væri flýtt til að róa áhyggjufulla foreldra. Borgarstjóri svaraði:

„Jú, við erum í raun að gera það en þetta snýst um yfir 127 velli í 59 sveitarfélögum. Þannig að ef Alþingi og ríkið vill koma myndarlega að málinu myndi ég fagna því. Endurbótasjóður sem myndi flýta þessu um land allt væri örugglega eitthvað sem myndi mælast mjög vel fyrir hjá þeim sem hafa lýst áhyggjum af málinu.“

Borgarstjóri var sem sagt á því að höfuðborgin þyrfti sérstaka ríkis-

aðstoð! Nágrannasveitarfélögin gengu hins vegar hreint til verks og töldu sig ekki þurfa sérstaka aðstoð úr ríkissjóði.

Þrátt fyrir auknar tekjur kvartar borgarstjóri stöðugt undan skorti á tekjustofnum. Og meirihlutinn hefur sýnt af sér nokkra útsjónarsemi í þeim efnunum, s.s. að leggja á sérstakar viðbótargreiðslur og gatna-gerðargjöld á stækkun og nýbyggingar.

Kosningaloforð gleymt

Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar hét Dagur B. Eggertsson því að byggðar yrðu 3.000 leiguíbúðir í borginni. Búið er að grafa það loforð fyrir löngu. Borgarstjóri hefur fremur áhuga á að rífast við oddvita Sjálfstæðismanna um hvort félagslegum íbúðum hafi fjölgað í borginni eða ekki. Halldór Halldórsson hefur bent á að íbúðunum hafi aðeins fjölgað um tíu að meðaltali á ári frá því að Dagur B. komst í meirihluta. Stefnit var að tíu sinnum fleiri íbúðum.

Í dökkri skýrslu Rauða krossins um þá sem verst eru settir í borginni kemur fram að þeir eigi það sameiginlegt að eiga í alvarlegum húsnæðisvanda. Ófeiminn segir borgarstjóri að „fjölgun húsnæðiskosta“ sé eitt stærsta forgangsverkefnið og að borgaryfirvöld ætli að fjölga félagslegum leiguíbúðum hraðar en áður. Kannski að 3.000 leiguíbúðirnar finnist fyrir lok kjörtímabilsins en í þokunni sem liggur yfir Reykjavík verður það erfitt.

9. nóvember 2016

Pirringur borgarfulltrúa yfir góðum fréttum

Ég hef skilning á því að það geti verið erfitt að sitja í meirihluta borgarstjórnar og taka til varna fyrir stefnu og störf meirihlutans. Jafnvel er hægt að hafa nokkra samúð með þeim sem nú horfa yfir síðustu sex ár og leita logandi ljósi að árangrinum.

Magnús Már Guðmundsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, er ekki hress með skrif mín um fjárhagsstöðu Reykjavíkur. Honum finnst lítið til þess koma að í Hafnarfirði hafi fyrstu skrefin verið stigin í átt að lægri álögum á bæjarbúa um leið og unnið er að endurreisn Hafnarfjarðar, eftir langan valdatíma skoðanasystkina Magnúsar Más.

„Birtir yfir Hafnarfirði – þoka yfir Reykjavík“ var yfirskrift greinar minnar sem birtist hér í Morgunblaðinu 9. nóvember síðastliðinn.

Þingmanni svarað

Eftir Magnús Mái Guðmundsson



Magnús Mái Guðmundsson

Óli Eijern Káranon var nýlega kjörinn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðvesturlandshéraði og óska ég verkjórðum og óska ég honum velferðar í skóflum sínum. Nýja störfi og spennandi verkefnum fylgja vonandi tilhlökkunum en um leið má ætla að breytingum títtum fylgi einnig óþryggi. Það veður

satt best að segja lítilt að eitt af fyrstu verkum þingmannanna nýjgjarna skuli vera að skrifa grein í Morgunblaðið um hvað allt sé nú ömurlegt í Reykjavík en ekki Hafnarfirði af því að þar séu sjálfstæðismenn í meðhöndun.

Þrálygja Óla Eijern og lítilar kreðu Sjálfstæðisanna gagnast Dag E. Eggertsoni og meirihlutinn í Reykjavík er brotleg en aðgengi þínu sorgleg líka. Heiði ekki verið eðlilegra að þingmaðurinn myndi nota tækifærið til að skrifa um heilnað hugavefni sín, boða síni fyrsta þingmál og upplýsa um það sem hann ætlar að reyna að breyta sem þingmaður?

Rekstrinum víta jungur

Rekstrur sveitarfélaga á Íslandi er þungar og á það hefur Hrekað verið bent. Það er ekkert þunnið sérstaklega við Reykjavík og í n. n. þegar árið er stökur Garðaborg fyrir 2015 var lagur fránn sagði Guðnar Einarsen þegar þeir eftirfarandi sem rekstur hefur lagðis:

„Það verður að tekið góður árangur að síða ári 2015 með jákvæðri rekstrarkönnu, þegar hefur er til þess að ríkið hefur ekki þengilið við ákornu sveitarfélaga um endurskoðun á tekjulegum þerra.

Ein og stöðun er í dag er vart heyrð að segja að hefur ríkið tekjulegum sveitarfélaga stöndi undir þeim verkefnum sem þeim eru fallu samkvæmt stjórnsýslu og lögn.“

Blessað útsvar

Það eru jákvæðar fréttir að hefur í rekstri sinna sveitarfélaga væntið milli ára. Óli Eijern gallar í grein sinni um stöðuna í Haf-

narfirði og er frálætt að nú líti til í rekstri hefur félagsins. Óli Eijern tekur það til marks um stórkostlegan árangur að útsvari í Hafnarfirði hefur á mesta ári. Hann kvað þá að nefna ekki hvegi hefur þinginn felið en stórt er að því að útsvarspósentan lókkir 14,32% 114,48% sem er lókkun upp á heil 0,04%. Gagnlegt vart af Óli Eijern myndi reikna út hvað er þingling hefur í sír fyrir meðhöndun og meðhönduðkóna.

Um leið og drögur er upp hjart mynd af rekstri Hafnarþerra í grein hans er myndin af Reykjavík afar dökk. Vanda vinstri meirihlutinn kanna þú ekki að fara með þingmál. Það er munnur hefur grannuinn fyrir kosningar og nú greinilega einnig strax eftir kosningar.

Fjárfest fyrir 14 milljarða

En er þetta yfir Reykjavík lítið og þingmaðurinn fylgri? Um skipti hefur einmitt eðlið í rekstri Reykjavíkur þingur lítið og lagt var upp með á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að 1,8 milljarða afþengur verði nýtt í að efla grunnþjónustuna, skólana og velferðina. Skólabúðarlög þingurinn ári Orkusveitinnar verður á næsta ári 100% sammanberit við 142% í Hafnarfirði.

» Gert er ráð fyrir að 1,8 milljarða afþengur verði af rekstri borgarsjóðs. Svigrímíó verður nýtt í að efla grunnþjónustuna, skólana og velferðina.

Einng verður fjárfest fyrir ríma 14 milljarða ári 2017 þar á meðal í nýjum borgargötum og endurbyggingu máttli en meiri fjármunur munu fara í þess líti en rekku sinni áhr. Þingurinn mun þingur lögga 5,5 milljarða ári 2018 og gættu þingurinn á næsta ári. Hatt í tvegg milljarður renna til byggjandi skóla og menningarmála í Ulfarsdal auk þess sem framskiðandi við Sundhöllina, þar á meðal stílag, verða klárar.

Fyrsta þingmálið

Með áns og óþinglegum vinnuþingum kraftmikla starfslíka, stjórnsýslu og meirihlutans í borgarsjóðinni hefur tekið að lögga fram fjárfestingarinn með afþengur sem nýtt góðan rekstur Reykjavíkur þingur. Fram hjá þessu getur Óli Eijern ekki hefur.

Um leið og ég lítið kveður minnar til lína nýja þingmanns óska ég eftir því að hann gæti samgætt næst þingur hann stíngur náður þessu um stjórnsýslu Reykjavíkur þingur. Á lölu um heit og Óla Eijern hefur með til að gæta þingur tekjulegum sveitarfélaga að sínu fyrsta þingmáli sem og grein eðlið og sveitarfélaga. Átti þetta þarf að endurskoðað og margir, þar á meðal hefur hefur Óla Eijern í Suðvesturlandshéraði, hefur hefur eftir.

Höfundur er borgarfulltrúi.

Réttri viku síðar sendi borgarfulltrúinn mér kveðjur og hann er pirraður yfir birtunni í Hafnarfirði.

Ég ergi mig ekki yfir þjósti og yfirlæti sem Magnús Már tileinkar sér – kannski eru fyrirmyndirnar ekki langt undan. Hann furðar sig á að „eitt af fyrstu verkum“ mínum sem kjörins þingmanns skuli vera að skrifa grein í Morgunblaðið „um hvað allt sé nú ömurlegt í Reykjavík en ekki Hafnarfirði af því að þar séu sjálfstæðismenn í meirihluta“.

Magnús Már spyr:

„Heiði ekki verið eðlilegra að þingmaðurinn myndi nota tækifærið til að skrifa um helstu hugarefni sín, boða sitt fyrsta þingmál og upplýsa um það sem hann ætlar að reyna að breyta sem þingmaður?“

Mér er til efs...

Nú veit ég ekki hvort Magnús Már hefur, frá því hann hóf afskipti af stjórnmálum og settist í borgarstjórn, skrifað reglulega um málefni borgarinnar, sveitarfélaga almennt eða samfélagsins í heild. Það kann að vera að hann hafi komið skoðunum sínum á framfæri með skilmerkilegum hætti í ræðu og riti. Eftir því hef ég ekki tekið. Hitt liggur fyrir að sá er hér heldur um pennann hefur á undanförunum árum skrifað hundruð greina um stjórnsmál, efnahagsmál, skattamál, almannatryggingar, heilbrigðismál, og atvinnumál svo fátt eitt sé nefnt. Skoðanir og hugsjónir liggja fyrir. Og ég hef leyft mér að fjalla um höfuðborg okkar allra. Á síðustu liðlega tveimur árum hef ég talið ástæðu til að skrifa um Reykjavíkurborg, störf og stefnu meirihlutans, a.m.k. 12 sinnum. Mér er til efs að margir borgarfulltrúar hafi ritað oftar um fjárhagsstöðu borgarinnar, álögur á íbúa og fyrirtæki, framkomu við einkafyrirtæki, þjónustu borgarinnar og (ó)ánægju borgarbúa.

Samfylkingin – flokkur Magnúsar Más Guðmundssonar – hefur borið ábyrgð á rekstri höfuðborgarinnar frá 2010, fyrst í samstarfi við Besta flokkinn. Nú leiðir Samfylkingin fjögurra flokka vinstristjórn í Reykjavík og þeir eru til sem vilja að ný ríkisstjórn sæki þangað fyrirmynd.

Ekki glæsileg afrekaskrá

Magnús Már hefur engan áhuga á að rifja upp stóra kosningaloforð Samfylkingarinnar fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar: Byggingu 3.000 leiguíbúða. Hann vill heldur ekki beina kastljósinu að síðustu sex árum sem samfylkingar hafa farið með völdin í Ráðhúsi Reykjavíkur. Engu að síður er rétt að draga fram nokkrar staðreyndir um A-hluta borgarsjóðs:

- Langtímaskuldir A-hluta jukust um 137% að raunvirði frá árslokum 2009 (árið fyrir valdatöku Samfylkingar og ári eftir hrun fjármálakerfisins) til loka árs 2015.
- Heildarskuldir nær tvöfölduðust og voru tæplega 40 milljörðum meiri á föstu verðlagi.
- Eigið fé minnkaði um 2,9 milljarða.
- Heildartekjur voru 16,5 milljörðum krónum hærri að raunvirði 2015 en 2009.
- A-hluti hafði 113 þúsund krónum hærri tekjur af hverjum borgarbúa 2015 en 2009 á föstu verðlagi. Rekstrargjöld voru hins vegar 199 þúsund krónum hærri.
- Skuldir A-hluta jukust að raunvirði um 315 þúsund krónur á hvern

íbúa. Eigið fé minnkaði á sama tíma um 45 þúsund.

- Að raunvirði var veltufé frá rekstri 38% minna á síðasta ári en 2009. Veltufé er mælikvarði á stöðu grunnrekstrar A-hluta.
- Í árslok 2009 var veltufjárhlutfallið 2,12 en var komið niður í 1,18 við lok síðasta árs.

Afrekaskráin er ekki sérlega glæsileg. Magnús Már vill því fremur benda á fögur fyrirheit um framtíðina en standa skil á kosningaloforðum og afrekum liðinna ára:

„Með aga og skipulögðum vinnubrögðum kraftmikils starfsfólks, stjórnenda og meirihlutans í borgarstjórn hefur tekist að leggja fram fjárhagsáætlun með afgangi sem sýnir góðan rekstur Reykjavíkurborgar.“

Ósjálfbær rekstur og aukning skulda

Hér verður ekki gert lítið úr því afreki að „takast“ að leggja fram fjárhagsáætlun. Það er eitt en annað og erfiðara að tryggja að áætlunin gangi eftir og forsendur standist. Þetta veit borgarfulltrúinn af biturri reynslu. Góð fyrirheit í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár eru ekki trúverðugri en reynslan kennir og þá þarf ekki að fara lengra aftur en til fjárhagsáætlunar 2015.

En Magnús Már er hreykinn af því að áætlun meirihluta borgarstjórnar sýnir 1,8 milljarða afgang á næsta ári. Borgarfulltrúinn lætur í engu getið að bætt afkoma byggist á tekjum af söluhagnaði og sölu byggingarréttar. Vonandi verður rekstrarniðurstaðan jákvæð og grunur um að forsendur fjárhagsáætlunar séu þegar brostnar reynist ekki á rökum reistur. Því miður er hins vegar töluvert í land að rekstur A-hluta sé sjálfbær.

Magnús Már gleðst yfir því að á komandi ári verði fjárfest fyrir rúma 14 milljarða króna þar af 5,5 milljarða í gatnaframkvæmdum. Kominn tími til, segja líklegast flestir sem hafa horft á gatnakerfið grotna niður á síðustu árum. Í greinargerð með fjárhagsáætlun er hins vegar bent á að fjárfestingar séu töluvert umfram veltufé á næstu tveimur árum og að bilið sé „brúað með tekjum af gatnagerðargjöldum og sölu eigna og byggingarréttar. Þessar tekjur nema 7,6 milljörðum árið 2017 og 7,4 milljörðum árið 2018. A-hluti stendur ekki undir brúttó fjárfestingum.

Og þrátt fyrir að tekjur A-hluta verði um sex milljörðum hærrí á næsta ári en reiknað er með á yfirstandandi ári, þá halda skuldir áfram að aukast.

Það skiptir ekki aðeins borgarbúa miklu hvernig til tekst við rekstur Reykjavíkur heldur er það hagsmunamál allra landsmanna. Þess vegna er Magnúsi Má og félögum óskað velfarðar í vinnu fyrir Reykvíkinga. Ef til vill rennur upp sú stund að meirihluti borgarstjórnar hættir að láta góðar fréttir af nágrannasveitarfélögunum fara í taugarnar á sér. Að gleðjast yfir velgengni annarra og því sem vel er gert, hefur að minnsta kosti ekki gert mörgum illt. Sumir hafa lært ýmislegt – ekki síst af nágrönnum sínum.

23. nóvember 2016

„Algild sannindi“ eða aukin samkeppni

Tillögur um fækkun og sameiningu sveitarfélaga eru hvorki nýjar af nálinni né sérlega frumlegar. Flestar eiga þær það sameiginlegt að ganga út frá því að stórt sé fallett en lítið vesældarlegt og vanburða. Hugmyndir sem koma fram í skýrslu Samtaka atvinnulífsins [SA] um stöðu og framtíð sveitarfélaga á Íslandi eru róttækari en aðrar sem komið hafa fram, en byggjast á þeim „sannindum“ að stórt sé betra en lítið – að fjölmenni sé eftirsóknarverðara en fámenni – að styrkur sé í fjölda og veikleiki í fáum.

Hér verða þessi „sannindi“ dregin í efa. Þegar lítið er til reksturs og efnahags sveitarfélaga er langt í frá hægt að draga þá ályktun að árangri sé best náð með stórum einingum. Rekstur A-hluta stærsta sveitarfélagsins er ósjálfbær – tekjur standa ekki undir þjónustu – skuldum er safnað. Minni sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa mun betur að vígi og ekki síst þau sem gæta hófsemdar á álögum á íbúana.

Frá árinu 1990 hefur sveitarfélögum fækkað úr 204 í 74. Í tillögum Samtaka atvinnulífsins er lagt til að gengið verði enn lengra og aðeins verði níu sveitarfélög á landinu. Með stærri og öflugri sveitarfélögum skapist tækifæri til að flytja fleiri verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna og hagkvæmni aukist. Ég efast ekki um að í mörgum tilfellum kunní sameining sveitarfélaga að vera rétt enda náist markmið um öflugri þjónustu við íbúana. En vænt hagkvæmni og lægri stjórnsýslukostnaður í reiknireglu excel-skjals getur ekki markað stefnuna.

Lögmál samkeppninnar

Skýrsla Samtaka atvinnulífsins er ágætlega unnin. Þar koma fram merkilegar upplýsingar sem almenningur ætti að kynna sér. Gagnrýni mín á hugmyndir/tillögur sem þar eru settar fram er fyrst og síðast tvíþætt. Í fyrsta lagi er ekki séð að nokkur efi sé um að hagkvæmni stærðarinnar sé „algild sannindi“. Í öðru lagi eru það vonbrigði að svo virðist sem SA telji að samkeppni milli sveitarfélaga sé annaðhvort útilokuð eða óæskileg. Það er miður að í skýrslu um sameiningu sveitarfélaga skuli ekki dregin fram nauðsyn þess að efla samkeppni milli sveitarfélaga, jafnt um íbúa sem fyrirtæki og sýnt fram á hvernig samkeppni kemur meiri aga á rekstur og ýtir undir betri þjónustu. Lögmál samkeppninnar gilda jafnt um sveitarfélög sem aðra starfsemi. Vandí okkar er skortur á samkeppni, ekki síst í þjónustu hins opinbera og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga.

Getur ekki verið að hagsmunir þeirra fyrirtækja sem eru innan vébanda Samtaka atvinnulífsins liggi fremur í því að auka samkeppni milli sveitarfélaga en að fækka þeim í níu? Það er illskiljanlegt af hverju Samtök atvinnulífsins nýta ekki tækifærið með skýrslugerð um sveitarfélög til þess að ýta undir samkeppni, t.d. þegar kemur að álagningu fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis og hvernig búið er að fyrirtækjum í sveitarfélögum, framboð atvinnulóða, samgöngur o.s.frv. Og það hefði glatt marga – m.a. þann er þetta skrifar – ef tekið hefði verið undir stefnu Sjálfstæðisflokksins um að afnema lágmarksútsvar.

Hnífurinn í kúnni

Samtök atvinnulífsins færa þau rök fyrir sameiningu sveitarfélaga að þannig verði hægt að auka umfang sveitarstjórnarstigsins. „Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sinnar við íbúa án frekari fjárútláta og taka á sig fleiri verkefni og þannig færa þjónustuna nær íbúum landsins,“ segir í skýrslunni.

Auðvitað á það að vera markmið allra sem fara með opinbert fé að það nýtist sem best um leið og það rennur til þeirra verkefna sem íbúar/skattgreiðendur vilja að hið opinbera sinni. Hér stendur hnífurinn í kúnni.

Það kann að vera að með stærri og öflugri sveitarfélögum sé hægt að ná fram „hagkvæmni stærðarinnar“ – lækka stjórnarsýslukostnað verulega. Í skýrslu SA er t.d. bent á að stjórnarsýslukostnaður á hvern íbúa sé um 56% lægri í sveitarfélagi sem hefur íbúafjölda yfir átta þúsund en í sveitarfélagi með 500 íbúa. Það segir sig sjálft að kostnaður við

yfirstjórn hlýtur alltaf að vera nokkru hærrí í fámennum sveitarfélögum en þeim þar sem þúsundir eða tugþúsundir búa. En stærðin segir ekki allt um rekstur, skipulag eða þjónustu sveitarfélaga. „Stærðarhagkvæmnin“ tryggir ekki að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir með skynsamlegum hætti eða þeir fari til þeirra verkefna sem íbúarnir leggja áherslu á. Færa má rök fyrir því að eftir því sem fjarlægðin er meiri milli íbúanna og stjórnsýslunnar aukist líkurnar á því að fjármunum sveitarfélagsins sé beint í annan farveg en vilji íbúanna stendur til. Þetta vita Reykvíkingar betur en aðrir landsmenn.

Ekki ávísun á góða þjónustu

Stærð sveitarfélags er ekki ávísun á góða þjónustu. Ánægja með þjónustu er ekki bundin við fjölda íbúa heldur það hvernig kjörnum fulltrúum og stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags tekst að uppfylla skyldur sínar.

Þetta hefur komið berlega í ljós í árlegri þjónustukönnun Gallup (áður Capacent Gallup) fyrir stærstu sveitarfélög landsins. Niðurstöður könnunar, sem birtist í febrúar á síðasta ári, var skýr. Hvergi voru íbúar eins óánægðir með þjónustu leikskóla, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, eldri borgara og barnafjölskyldur og í Reykjavík. Stærðarhagkvæmni tryggði með öðrum orðum ekki góða þjónustu. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri var undrandi. Í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins sagðist hann halda að Reykvíkingar væru „bara kröfuharðari og svona gagnrýnni“. En þar sem niðurstöðurnar voru óþægilegar fyrir meirihluta borgarstjórnar – fallelkunn er aldrei góð – var ákveðið að borgin tæki ekki aftur þátt í samanburðarkönnunum á þjónustu sveitarfélaga!

Í skýrslu starfshóps um þjónustu Reykjavíkurborgar, sem kynnt var í ágúst á liðnu ári, er myndin sem dregin var upp ekki sérlega falleg. Breytingar á þjónustu borgarinnar undanfarin ár hafa verið gerðar að óathuguðu máli og án þess að þörf væri á. Starfshópurinn sem var skipaður einstaklingum úr stjórnkerfi borgarinnar komst að því að ákveðin upplausn væri í þjónustu borgarinnar og það hefði bitnað á gæðum hennar. „Þjónusta borgarinnar er nú skipulögð þannig að íbúar þurfa að hafa umtalsverða innsýn í skipulag Reykjavíkurborgar til að vita hvert þeir eiga að leita eftir þjónustu,“ segir í niðurstöðum starfshópsins. Skipulag borgarinnar var sagt snúast fremur um skipulag fag sviða en skipulag er miðar að því að veita íbúum heildstæða þjónustu.

Eitt er víst að „hagkvæmni stærðarinnar“ heillar mig ekki og ég hygg

að fleiri sveitungum mínum á Seltjarnarnesi sé eins farið. Við erum ekki ginnkeypt fyrir því að sameinast Reykjavík, líkt og Samtök atvinnulífsins leggja til. Eitthvað segir mér að íbúar margra annarra sveitarfélaga séu sama sinnis.

7. desember 2016

Heimatilbúinn skortur nærir húsnæðisvandann

Meðalfjöldi íbúa höfuðborgarinnar var tæplega 40 þúsund á árunum 1937 til 1944 – fjölgaði úr 36 í 44 þúsund. Á þessum árum voru byggðar 2.042 íbúðir í Reykjavík. Á síðustu átta árum er meðalfjöldi höfuðborgarbúa liðlega 120 þúsund og lokið hefur verið smíði á 2.068 íbúðum.

Með öðrum orðum:

Á sama tíma og meðalfjöldi Reykvíkinga hefur þrefaldast er lokið við 26 fleiri íbúðir en á árunum fyrir lýðveldisstofnun.

Á árunum 1937 til 1944 var fjölgun íbúða sem hlutfall af íbúafjölda liðlega 5% en aðeins 1,7% á síðustu átta árum. Ef hlutfallið hefði verið það sama og fyrir og á stríðsárunum hefði íbúðum fjölgað um 6.200. Með öðrum orðum; íbúðir væru 4.100 fleiri en þær eru í dag.

Án fordæma

Skúli Halldórsson blaðamaður birti 12. mars sl. sérlega áhugaverða úttekt á stöðu húsnæðis mála á mbl.is undir fyrirsögninni, „Ládeyða án fordæma á lýðveldistímanum“. Þar varpar hann ljósi á þann vanda sem er við að glíma í húsnæðismálum – kemst að rótum vandans: Á síðustu átta árum hafa ekki verið reistar jafnfáar íbúðir í Reykjavík í áratugi og aldrei á lýðveldistímanum.

Í fréttaskýringunni kemur fram að Íslendingar hafi verið tæplega 128 þúsund á stríðsárunum en eru nú 338 þúsund. Síðan segir:

„Væntanlega þarf engan að furða að eftirspurn eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu í dag sé langt umfram framboð, þegar reistar eru í höfuðborg landsins álíka margar íbúðir og gert var á tímum Kristjáns tíunda.“

Á síðustu átta árum hafa að meðaltali verið byggðar 259 íbúðir á ári í

Reykjavík, að því er fram kemur í fréttaskýringunni. Allt frá 2008 hefur fjöldi nýrra íbúða verið langt undir árlegu meðaltali frá árinu 1929. Þá voru Reykvíkingar 26.428.

Hirðuleysi og tómlæti

Það þarf ekki sérfræðing til að komast að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefur sýnt hirðuleysi og tómlæti þegar kemur að húsnæðismálum. Stefna meirihluta borgarstjórnar í skipulagsmálum hefur búið til lóðaskort sem aftur hefur kallað fram gríðarlega hækkun á kaupverði íbúða og jafnvel enn meiri hækkun á húsaleigu.

Sá tími er löngu liðinn að stjórnendur Reykjavíkurborgar líti á það sem skyldu sína að tryggja nægjanlegt framboð á lóðum á sanngjörnu verði. Meirihluti borgarstjórnar hefur fyrst og síðast áhuga á að þetta byggðina en hefur hvorki skilning né áhuga á að koma í veg fyrir lóðaskort. Þétting byggðar getur verið ágæt en slíkar lóðir eru dýrar, með tilheyrandi flækjustigi. Til að kóróna lóðaskortsstefnuna, hefur meirihluti borgarstjórnar sýnt ótrúlega hugmyndaauðgi við að hækka álögur á húsbyggjendur, jafnt með því að hækka gjöld og innleiða ný s.s. sérstaka viðbótargreiðslu og gatnagerðargjald fyrir stækkun og nýbyggingar.

Öllum öðrum að kenna

Í raun hefur Reykjavíkurborg sagt sig frá húsnæðismálum – hætt að taka ábyrgð á þróun þeirra. Vill ekki kappkosta að tryggja nægjanlegt framboð lóða undir fjölbýli, einbýli og raðhús, á skikkanlegu verði. Allur vandi sem borgarbúar glíma við í húsnæðismálum er sagður ríkisvaldinu að kenna.

Fyrr í mánuðinum sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kokhraustur við mbl.is að ríkið hefði skilið unga fólkið eftir með því að þrengja að möguleikum þess. Og svo kenndi hann bönkunum um stöðuna og benti á byggingariðnaðinn. Í huga borgarstjóra er Reykjavíkurborg með öllu ábyrgðarlaus á ástandinu. Engu er líkara en að skorturinn, sem hefur verið drifkraftur hækkandi íbúðaverðs og þar með leiguverðs, komi meirihluta borgarstjórnar ekkert við.


Í þessum efnum eins og öðrum sem miður fara í höfuðborginni liggur sökin hjá öðrum. Fjárhagur A-hluta er bágborinn (svo ekki séu notuð sterkari orð) – ekki vegna fjárhagslegrar óstjórnar heldur vegna „skorts á tekjustofnum“, eins og borgarstjóri skýrði út. Þessi skortur á tekjustofnum varð líklega til þess að borgin taldi sig illa ráða við að fjarlægja dekkjakurl af sparkvöllum án sérstakrar fjárhagsaðstoðar frá ríkinu.

Undirliggjandi mein

Vandinn sem blasir við í húsnæðismálum verður því miður ekki leystur með því einu að ríkissjóður auki húsnæðisstuðning, – hækki leigu- og/eða vaxtabætur. Vandinn verður heldur ekki leystur með því að búa til fjárhagslegt svigrúm fyrir ungt fólk með því að gefa því heimild til að nýta séreignasparnað – skattfrjálst – til eignast fyrstu íbúðina. Við þær aðstæður sem ríkja á húsnæðismarkaði er ekki við öðru að búast en að mestallt verði étið upp í tilbúnum skorti. Þannig eru líkur á því að aukinn stuðningur við leigjendur leiði til hærra leiguverðs og þar sem hagar

leigusala batnar en leigjendur sitja eftir með sárt ennið, jafnvel í verri stöðu en áður. Svipað kann að gerast á sölumarkaði íbúða. Þegar barist er við skort munu seljendur en ekki kaupendur hagnast.

Þegar allt er komið í kaldakol í húsnæðismálum og leiga íbúðarhúsnæðis í hæstu hæðum, vegna skorts á lóðum undir nýjar íbúðir, eru dregnar fram gamalkunnar hugmyndir vinstri manna. Þak skal sett á húsaleigu. Lausnin eykur hins vegar vandann og leysir hann ekki. Framboð á leiguhúsnæði dregst saman – íbúðum sem boðnar eru til leigu fækkar og staða leigjenda versnar. Góðhjartaðir stjórnálamenn geta ekki tekið einfalt lögmál hagfræðinnar úr gildi. Þeir geta hins vegar unnið að því að lagfæra undirliggjandi mein – skort á lóðum. Meirihluti borgarstjórnar hefur hins vegar ekki áhuga á lækningum af því tagi. Á meðan nærir og magnar heimatilbúinn skortur húsnæðisvandann.



22. mars 2017

Hugmyndafræðileg barátta í sveitarstjórnnum

Hafi einhver haldið að hugmyndafræði skipti litlu eða engu í sveitarstjórnnum, þá ætti sá hinn sami að hugsa sig tvisvar um. Ekki þarf annað en horfa til Reykjavíkur. Skoða hvernig staðið er að verki við stjórnsýslu borgarinnar, bera þjónustu við íbúana saman við það sem gengur og gerist í nágrennasveit-arfélögunum. Þegar hugmyndaauði meirihluta borgarstjórar um auknar álögur er höfð í huga er illa hægt að komast að annarri niðurstöðu en að hugmyndafræði – pólitísk sannfæring – kjörinna fulltrúa hafi veruleg áhrif á afkomu og lífsgæði Reykvíkinga.

Rekstur og þjónusta sveitarfélaga hafa bein áhrif á lífskjör almennings. Það skiptir okkur öll miklu, hvar sem við búum, hvernig til tekst við rekstur sveitarfélagsins, hvernig staðið er að skólamálum, hvernig þjónusta við eldri borgara er, að þörfum fatlaðra sé sinnt en þeim ekki gleymt, líkt og dæmi eru um.

Íbúum sveitarfélags þar sem umhverfismálum er sinnt af kostgæfni liður örugglega betur en íbúum sveitarfélags þar sem umhverfið er hornreka. Einu sinni var sagt: Hrein borg er fögur borg. Þessi einföldu sannindi hljóma ekki lengur í höfuðborginni.

Víða hefur tekist að samþætta góða þjónustu sveitarfélaga og hóflega skattheimtu og álögur. En svo eru dæmi þar sem álögur eru eins háar og lög leyfa án þess að þjónustan sé með þeim hætti sem íbúarnir ætlast til. Þegar óánægjan kemur upp á yfirborðið bregðast sveitarstjórnamenn við með misjöfnum hætti.

Meirihlutinn í Reykjavík ákvað að hætta þátttöku í árlegri samunburðarkönnun á þjónustu sem gerð er fyrir stærstu sveitarfélög landsins. Niðurstaða könnunarinnar, sem birt var í febrúar 2015, var of bitur og óþægileg fyrir meirihlutann: Hvergi voru íbúar eins óánægðir með þjónustu leikskóla, grunnskóla, þjónustu við eldri borgara, fatlaða, og barnafjölskyldur og í Reykjavík. Borgarstjóri gerði lítið úr niðurstöðunum og sagðist halda að Reykvíkingar væru „bara kröfuharðari og svona gagnrýnni“ en íbúar annarra sveitarfélaga. Þar með hafði meirihlutinn litla ástæðu til að huga að því sem miður hefur farið.

Hugmyndafræði skortsins

Sá tími er löngu liðinn að Reykjavíkurborg líti á það sem skyldu

sína að tryggja nægjanlegt framboð af lóðum fyrir íbúðir – einbýli, raðhús, fjölbýli. Hugmyndafræði skortsins hefur ráðið ríkjum síðustu ár. Afleiðingin er gríðarleg hækkun íbúðaverðs og stöðugt verður erfiðara fyrir fjölskyldur að láta drauma sína um eigin íbúð rætast. Í hugum þeirra sem ráða för í borgarstjórn, eru draumar af því tagi aðeins draumar smáborgara og skipta því engu. Atlagan að séreignarstefnunni gengur ágætlega í höfuðborginni og valfrelsi í húsnæðismálum verður stöðugt minna.

Samgöngur í höfuðborginni eru í lamasessi. Hugmyndafræði holu og þrenginga ræður ríkjum. Borgaryfirvöld telja sig ekki lengur hafa þá skyldu á herðum að tryggja greiðar samgöngur og allra síst fyrir einkabílinn. Með góðu eða illu skal þvinga íbúana til að fara sinna ferða á strætó eða á hjóli. Skipulega er unnið að því að skerða valfrelsi í samgöngumálum. Þar sem hægt er eru þrengingar og hindranir settar og gatnakerfinu er ekki haldið við. Og loks þegar hafist er handa við framkvæmdir eru þær skipulagðar með þeim hætti að þær valdi sem mestum truflunum og töfum á umferð.

Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda er bent á að umferðarstjórnun á Miklubraut vegna framkvæmda við mikilvægar samgöngu og umhverfisbætur við Klambratún hafi brugðist. Ábendingar rýnihóps sem fór yfir öryggismál vegna framkvæmdanna voru hafðar að engu. „Þrengingarnar við Klambratún orsaka umferðateppur og tafir út um allt höfuðborgarsvæðið,“ segir á vef FÍB og síðan segir:

„Svo virðist sem ekki hafi verið gert ráð fyrir því að tryggja forgang viðbragðsaðila lögreglu, sjúkraliðs og slökkviliðs á framkvæmda-svæðinu og víðar. Þarna skammt frá er Þjóðarsjúkrahúsið, Landspítali, sem nánast er hafður í gíslingu á háannatímum vegna þessara umferðaprenginga. Sú sjálfsgöða krafa er gerð til þeirra sem reka umferðarmannvirkin í borginni að allt verklag sé meðvitað með öryggi og þægindi borgaranna í fyrirrúmi. Ekki þýðir að benda á aðra samgöngumáta, öll umferð teppist. Það er verið að búa til óþarfa vandamál, óþægindi, tafir og mengun sem koma má í veg fyrir með aukinni fyrirhyggju og skipulagi.“

Hvernig staðið er að verki við Miklubraut er birtingarmynd verkstjórnar meirihluta borgarstjórnar.

Mikið verk fyrir höndum

Nokkrum vikum eftir sveitarstjórnarkosningar 2014, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn beið sögulegt afhroð, hélt ég því fram hér á síðum

Morgunblaðsins að borgarfulltrúar flokksins yrðu að taka stöðu með valfrelsi borgarbúa og berjast fyrir lægri álögum:

„Þeir eiga að leggja áherslu á raunverulegt val í samgöngum, í búsetu og skólum. Þeir eiga að draga fram árangur sjálfstæðismanna í nágrannasveitarfélögum þar sem tekist hefur að samþætta öfluga þjónustu, hófsamar álögur og lágar skuldir. Þeir verða að berjast fyrir hagsmunum sjálfstæðra atvinnurekenda sem hafa átt undir högg að sækja síðustu fjögur ár. Borgarfulltrúar sjálfstæðismanna eiga að leggja áherslu á opið bókhald borgarinnar og að óskir íbúanna séu virtar í skipulagsmálum.“

Þremur árum eftir að þessi orð voru sett á blað og ári fyrir næstu kosningar eiga sjálfstæðismenn í höfuðborginni mikið verk fyrir höndum – þeir eiga eftir að draga skýr mörk á milli sín og vinstri manna í borgarstjórn. Þeir verða að sannfæra borgarbúa um að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir auknu valfrelsi íbúanna á öllum sviðum, hafi skýra framtíðarsýn í skipulagsmálum og að kjörnir fulltrúar hans séu þess megnugir að stýra fjármálum borgarsjóðs af festu. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins þurfa að boða nýja tíma í rekstri borgarinnar og þjónustu við íbúana, segja skilið við tímabil skortsins sem hefur valdið þenslu og hækkun íbúðaverðs og sannfæra kjósendur um að á þá verði hlustað.

17. maí 2017

Brotinn pottur í Reykjavík

Rök standa til þess að fyrisögnin sé röng eða að minnsta kosti villandi. Réttara væri að skrifa undir orðunum „Margbrotnir pottar í Reykjavík“. Það skiptir litlu hvert lítið er.

Ekki getur meirihluti borgarstjórnar kvartað yfir tekjuleysi til að sinna þeim verkefnum sem borgarbúar eiga kröfu til að leyst séu með sómasamlegum hætti. Frá því að Dagur B. Eggertsson tók við völdum í Ráðhúsi Reykjavíkur árið 2010 – fyrst með Jón Gnarr sér við hlið – hafa tekjur borgarsjóðs hækkað um 27,4 milljarða króna að raunvirði eða 37,5%. Með öðrum orðum: Tekjur borgarsjóðs voru 224 þúsund krónum hærri á hvern borgarbúa (allt frá ómálga börnum til eldri borgara) á síðasta ári en 2010. Þetta jafngildir liðlega 896 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Þessi mikla hækkun tekna hefur skilað litlu í þjónustu við íbúa. Samgöngur eru í ólestri, seinagangur einkennir stjórnarsýslu, skólar glíma við manneklu, þjónusta við eldri borgara er skorin niður, óstjórn einkennir skipulagsmál með tilheyrandi lóðaskorti, upplýsingum er haldið frá borgarbúum og gamalt slagorð um að hrein borg sé fögur borg er fyrir löngu gleymt og grafið. Enginn ber ábyrgð – ekki kjörnir fulltrúar og allra síst borgarstjóri. Það verður stöðugt erfiðara að andmæla Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, sem segir að á síðustu árum hafi borgarstjórnarembættið breyst í einskona tertuskraut. Borgarstjóra fellur að minnsta kosti betur að klippa á borða, láta taka myndir af sér við dekkjaskipti, fella jólatré í Heiðmörk og mála stéttina fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík en að sinna stjórnarsýslu borgarinnar og axla ábyrgð á því hvernig til tekst og því sem úrskaiðis fer.

Í lok síðasta árs námu heildarskuldir A- og B-hluta borgarsjóðs yfir 290 milljörðum króna. Þetta jafngildir tæpum 9,5 milljónum króna á hverja fjölskyldu. Sem hlutfall af heildartekjum námu skuldirnar 186,7%. Reykjavíkurborg heldur fjárhagslegu sjálfræði í skjóli sérstaks bráðabirgðaaákvæðis í sveitarstjórnarlögum. Höfuðborgin er eitt skuldsettasta sveitarfélag landsins.

Ræður ekki við einföld verkefni

Þrátt fyrir verulega hækkun tekna hefur borgin ekki fjárhagslega burði til að takast á við einföld verkefni. Að fjarlægja dekkjakurl af sparkvöllum var erfitt og kallað var eftir fjárhagslegri aðstoð ríkisins. Ekki virðast vera möguleikar á að borgin greiði kostnað vegna námsgagna fyrir grunnskólabörn líkt og mörg önnur sveitarfélög gera. Kostnaðurinn er talinn vera 4-6 þúsund krónur á nemanda eða 0,3% af árlegum meðalrekstrarkostnaði á grunnskólanemanda samkvæmt útreikningum Hagstofunnar.

Önnur mál eru mikilvægari en grunnskólar, nemendur þeirra og kennarar. Til að fela metnaðarleysið í skólamálum vill meirihlutinn ekki gera opinberar niðurstöður úr PISA-könnunum. Píratar, Samfylking, Vinstri grænir og Björt framtíð felldu tillögu Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um að upplýsingar um árangur hvers skóla yrðu sendar til viðkomandi skólastjórnenda, sem myndu kynna þær fyrir skólaráðum sínum og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.

Frasar án merkinga

Allt tal um gagnsæi og opið lýðræðislegt ferli er innantómt – frasar

án merkinga. Þess vegna ákvað meirihlutinn að taka ekki þátt í árlegri þjónustukönnun sveitarfélaga, eftir að borgin hafði fengið falleinkunn í samanburði við önnur sveitarfélög. Ráðningar í æðstu embætti á vegum borgarinnar eiga lítið skylt við opna stjórnsýslu og gagnsæi. Ekki frekar en þegar því var haldið leyndu fyrir íbúum að óhreinsað skólþ flæddi í sjóinn við Faxaskjól – tugir þúsunda lítra á hverri mínútu. Ekki var haft fyrir því að tilkynna, lögum samkvæmt, um „mengunarslys“, þegar þúsundir tonna af aur úr inntakslóni virkjunar menguðu Andakílsá. Orka náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, á Andakílsárvirkjun.

Stefna skortsins

Þeir eru víða brotnu pottarnir í Reykjavík. Samkvæmt fréttum Morgunblaðsins eru verktakar að gefast upp á samskiptum við borgaryfirvöld. Stjórnsýsla embættis byggingarfulltrúa einkennist af seinangangi, þar sem málin eru flækt og allt stöðugum breytingum háð, í stað þess að fylgt sé skýrum og gagnsægjum verkreglum. Þeir tímar eru að baki að stjórnsýsla borgarinnar lagði metnað sinn í að leiðbeina og greiða úr erindum borgara og fyrirtækja.

Allt er þetta endurspeglun á skortstefnu meirihlutans í skipulagsmálum. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hefur dregið fram þá staðreynd að aðeins hafi verið úthlutað lóðum undir fjórtán fjölbýlishús á kjörtímabilinu og þar af átta á liðnu vori.

Tölulegar staðreyndir um stöðnunina í höfuðborginni eru sláandi en á síðustu átta árum hafa aðeins verið byggðar 2.068 íbúðir í Reykjavík og hafa ekki verið jafn fáar á jafn löngu tímabili frá því í seinna stríði. Á árunum 1937-1944 voru byggðar 2.042 íbúðir í Reykjavík en þá var meðalfjöldi íbúa um 40 þúsund.

Sama kynningin í mörg ár

Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO, hélt því fram í viðtali við Viðskiptablaðið í liðnum mánuði að ástandið í húsnæðismálum hefði ekki átt að koma neinum á óvart. Á árunum 2009-2014 hafi aðeins verið byggðar um 900 til 950 íbúðir á ári, en þörfin hafi verið 1.500 til 1.800 íbúðir. Sigurður Brynjar segir það „galið“ hvernig haldið hafi verið á málum:

„Mér finnst ég hafa séð sömu kynninguna hjá borgarstjóranum í allmörg ár. Nú er kominn tími til að hætta að tala og fara að framkvæma.“

Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar gaf Dagur B. Eggertsson stór loforð um 3.000 nýjar leiguíbúðir. Nokkrum mánuðum eftir kosningar kynnti hann sem borgarstjóri áætlanir sem gerðu ráð fyrir að á næstu árum yrðu byggðar allt að sex þúsund íbúðir. Loforðin og áætlanirnar hafa reynst innantóm. Borgarstjóri kennir bönkum og verktökum um neyðarástand í húsnæðismálum, enda telur hann sig ábyrgðarlausan á skortstefnunni sem fylgt hefur verið.

Röng stefna Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum er langt í frá að vera einkamál meirihluta borgarstjórnar. Afleiðingarnar bitna á flestum landsmönnum með beinum eða óbeinum hætti. Kostnaðurinn er borinn af einstaklingum og fjölskyldum í formi hærra fasteignaverðs sem hittir íbúðareigendur aftur með hærri fasteignagjöldum að ekki sé talað um þau áhrif sem hærra fasteignaverð hefur á kaupmátt launa og skuldastöðu heimila.

Mér er til efs að minnihluti í borgarstjórn hafi haft betri tækifæri í aðdraganda kosninga til að fella sitjandi meirihluta. Tækifærin verða hins vegar ekki nýtt án framtíðarsýnar sem hugnast borgarbúum, jafnt þeim sem sitja fastir í umferðarteppum, eiga sér þann draum að eignast íbúð og vilja góða skóla fyrir börnin og þeim sem gera þá einföldu kröfu að kjörnir fulltrúar hlusti og taki mark á óskum íbúanna.

16. ágúst 2017

Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að nýta tækifærin?

Fyrir tæpum fjórum árum nýtti Sjálfstæðisflokkurinn ekki tækifærin í Reykjavík. Þvert á móti. Niðurstaða borgarstjórnarkosninganna 2014 var áfall – verstu kosningaúrslit í sögu flokksins. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að sjálfstæðismenn í Reykjavík láti tækifærin renna sér úr greipum enn einu sinni í kosningunum í vor. Og hvernig má annað vera þegar borgarbúar eiga erfitt með að átta sig á fyrir hvað Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir í Reykjavík.

Kannski er það óvægið að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi misst talsamband við mikinn meirihluta borgarbúa. En að óbreyttu verður Sjálfstæðisflokkurinn aðeins einn margra stjórnámálflokka í kraðaki flokka sem sækjast eftir stuðningi í komandi kosningum. Þetta

er hreint ótrúleg staða eftir tæplega átta ára stjórn vinstriflokkanna í Reykjavík. Ekki er afrekaskrá vinstrimeirihlutans þannig að borgarþúar hafi ástæðu til að gleðjast. Langt í frá.

Rekstur borgarinnar síðustu ár verður aldrei skólabókardæmi um hvernig standa skuli að rekstri sveitarfélags. Ákveði borgarþúar að endurnýja umboð meirihluta borgarstjórnar í kosningunum í vor, taka þeir ákvörðun um að halda óbreyttri stefnu við rekstur borgarinnar. Þeir samþykkja þá hugmyndafræði sem liggur að baki fjárhagsáætlun borgarinnar fram til ársins 2022. Rekstrarkostnaður A-hluta verður 37% hærri árið 2022 en 2016. Þetta er hækkun um 35 milljarða króna sem er rúmlega 13 milljörðum króna hærri fjárhæð en Reykjavíkurborg lagði til velferðarmála á síðasta ári.

Samkvæmt stefnu núverandi meirihluta borgarstjórnar verður rekstrarkostnaður samstæðunnar í heild 162 milljarðar króna árið 2022 sem er tæpum 44 milljörðum króna hærri fjárhæð en 2016. Hækkunin er meiri en kostnaður við skóla- og frístundasvið árið 2016 og litlu hærri en áætlaður kostnaður á síðasta ári.

Albert Þór Jónsson, viðskiptafræðingur og MCF í fjármálum fyrirtækja, lýsti stöðunni ágætlega í grein 23. nóvember síðastliðinn í Morgunblaðinu:

„Á toppi hagsveiflunnar á Íslandi eru allir skattstofnar Reykjavíkurborgar fullnýttir en þrátt fyrir það hafa skuldir Reykjavíkurborgar aukist mikið þegar skynsamlegra hefði verið að greiða niður skuldir til þess að takast á við samdráttartíma. Ef skuldsetningar Reykjavíkurborgar halda áfram að aukast með slíkum hraða með alla skattstofna fullnýtta á toppi hagsveiflunnar mun Reykjavíkurborg stefna í greiðsluþrot innan fárra ára.“

„Tekjuvandi“

Þrátt fyrir auknar skuldir og sífellt hækkandi rekstrarkostnað og útpenslu stjórnkerfis, er borgarstjóri sannfærður um að „útsjónarsemi“ einkenni reksturinn. Borgin glími ekki við óhagkvæman rekstur heldur skort á tekjustofnum. „Tekjur hafa hækkað hægar en gjöldin,“ sagði Dagur B. Eggertsson í viðtali við DV um miðjan október 2015. Hann ásamt öðrum í meirihluta borgarstjórnar er sannfærður um að opinber rekstur snúist fyrst og síðast um að auka tekjurnar, finna nýja skatt og gjaldstofna. Tekjur borgarsjóðs voru um 80% hærri á síðasta ári en 2010 – árið sem Dagur B. Eggertsson og Jón Gnarr tóku við lykllum að ráðhúsinu við Tjörnina. Gríðarleg hækkun tekna er sögð merki um „tekjuvanda“.

Í örvæntingarfullri leit að tekjum var ákveðið að leggja á sérstaka viðbótargreiðslu og gatnagerðargjald fyrir stækkun og nýbyggingar. Ekki má gleyma skrefagjöldum fyrir sorptunnur. Þegar íbúarnir kvörtuðu yfir versnandi sorphirðu, þrátt fyrir hækkun gjalda, bentu fulltrúar meirihlutans á að það væri bæði hollt og gott að fá sér göngutúr að næsta grenndargámi með ruslið!

Þrátt fyrir að rekstrarkostnaður A-hluta borgarsjóðs hafi aukist um nær 47 milljarða króna (2010-2017) eða rúmlega 80% hefur þjónusta við borgarbúa, meðal annars við eldri borgara, verið skert. Borgin er illa þrífín og götur helst ekki. Afleiðingin er minni lífsgæði og meiri mengun.

Gatnakerfi borgarinnar er að hrynja. Skipulagsmál eru í ólestri og lóðaskortur hefur keyrt upp fasteignaverð – ekki aðeins í höfuðborginni heldur einnig í nágrannasveitarfélögunum. Lífskjör almennings hafa verið skert með skortstefnu meirihluta borgarstjórnar. Ekki aðeins með því að verð íbúða er hærra en það þyrfti að vera, ef lóðaframboð væri eðlilegt, heldur einnig vegna þess að hærra fasteignaverð hefur leitt til þess að skuldir launafólks hafa hækkað.

En til að gæta sanngirni er vert að benda á að hugmyndir um hagræðingu skjóta stundum upp kollinum hjá meirihlutanum. Auðvitað er það ákveðin tegund af „útsjónarsemi“ hjá borgarfulltrúa og flokkssystur borgarstjóra, að leggja til að knattspyrnulið í efstu deild yrðu sameinuð í sparnaðarskyni.

Skýr framtíðarsýn með ábyrgð

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins þurfa að draga fram það sem miður hefur farið við stjórn borgarinnar, en það eitt dugar ekki. Skýr framtíðarsýn og stefnufesta er forsenda árangurs. Þeir þurfa einnig að leggja áherslu á að ekki verði hlaupið undan ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis. Það virðist vera sérstök stefna meirihluta borgarstjórnar að firra sig ábyrgð á stóru og smáu. Jafnvel þegar málað var yfir veggmynd af sjómanni á gafli Sjávarútvegshússins, að kröfu borgarinnar, var reynt að hlaupast undan. Þegar hundruð þúsunda lítra af óhreinsuðu skólpi runnu út í sjó var borgarstjóri ábyrgðarlaus með sama hætti og hann ber litla ábyrgð á ástandi gatnakerfisins. „Ég setti mig í samband við vegamálastjóra og bæjarstjórana á höfuðborgarsvæðinu og allir segja sömu söguna. Það eru miklar áhyggjur af stöðu gatnakerfisins,“ svaraði borgarstjóri þegar visir.is vildi í mars 2016 vita hvað ætti að gera til að lagfæra götur borgarinnar.

Í aðdraganda kosninganna 2014 hélt ég því fram að sjálfstæðis-

mönnum hefði ekki tekist að ná eyrum borgarbúa í mörg ár – þeir ættu erfitt með að átta sig á því fyrir hvað Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík stæði. Kjósendur fengju misvísandi skilaboð frá borgarfulltrúum flokksins sem kæmi ekki fram sem ein heild – samhentur hópur með sömu sýn á framtíðina.

Þetta virðist eiga við enn í dag. Ætli sjálfstæðismenn að ná árangri í komandi kosningunum verður stefnan að vera skýr. Einkunnarorð þeirra í vor eiga að vera valfrelsi, lægri álögur og betri þjónusta. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins öðlast ekki tiltrú borgarbúa nema þeir setji fram skýra framtíðarsýn um þróun borgarinnar, öflugri þjónustu samhliða hófsömum álögum.

Þeir verða að sannfæra kjósendur um að óskir þeirra í skipulagsmálum verði virtar og unnið verði að því að auka valfrelsi íbúanna á öllum sviðum, ekki síst í samgöngum, í búsetu og skólum.

Spurningin er einföld: Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að nýta tækifærin í Reykjavík?

Vonandi er svarið jákvætt.

10. janúar 2018